KRISTÍN MARTHA HÁKONARDÓTTIR

Vegur sig upp voldugt hamrastál í Öræfum

• á ferðinni

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS

BEINT FRÁ BÝLI

Rjómaís, hvannarlamb, ostur og annað lostæti

Sérblaðið Beint frá býli

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR

Nær samhljóma ávörp ólíkra borgarstjóra

Ólafur F. og Hanna bjóða túrista velkomna

FÓLK 22

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

15. júlí 2009 — 166. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MIÐVIKUDAGUR

Síung heiði

Fimmtíu ár eru liðin frá því að vegur var lagður um Dynjandisheiði og akvegasamband komst á milli byggðarlaga á Vestfjörðum.

TÍMAMÓT 14

FÍFL stofnað

Guðmundur Felixson vill efla samstarf milli leikfélaga framhaldsskólanna.

FÓLK 18

Prófskírteini

„Fyrir nokkru var þannig stofnuð deild úr Sorbonne í Abúdabí þar sem afkvæmi olíufursta gætu stundað nám gegn ærnu gjaldi," skrifar Einar Már Jónsson.

Í DAG 12

Spila ekki í Seljaskóla

Leikmenn körfuboltaliðs ÍR krefjast þess að spila heimaleiki sína á parketi næsta vetur og því þarf félagið að finna sér nýjan heimavöll.

ÍÞRÓTTIR 17

VEÐRIÐ Í DAG



Litlar breytingar Í dag verður norðaustlæg átt, víða 3-8 m/s en hvassara við SA-ströndina. Nokkuð bjart suðvestan til en þungbúnara annars staðar og sums staðar lítilsháttar væta, einkum austan til.

VEÐUR 4

Preifingar við Breta vegna fyrirvara um ríkisábyrgð

Óformlegar þreifingar hafa átt sér stað á milli Íslendinga og Breta og Hollendinga vegna fyrirvara sem rætt er um á Alþingi að setja um Icesave. Ekki er reiknað með að málið komi úr nefnd fyrr en eftir helgi.

UTANRÍKISMÁL Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að óformlegar þreifingar hafi átt sér stað á milli Íslendinga annars vegar og Breta og Hollendinga hins vegar vegna afgreiðslu Alþingis á frumvarpi um ríkisábyrgð vegna Icesave. Viðsemjendur hafa verið upplýstir um að mögulega verði settir fyrirvarar um samninginn. Viðræðurnar eru mjög óformlegar.

Svavar Gestsson, formaður samninganefndar Icesave, kannast ekki við viðræðurnar, enda hafi hans hlutverki lokið þegar skrifað var undir samninginn. Hann segir ómögulegt að segja hver yrðu viðbrögð Breta og Hollendinga við fyrirvörum. „Ég veit ekki um það, en mér finnst ekki skrýtið að Alþingi velti öllu mögulegu fyrir sér varðandi pólitíska umgjörð málsins. Alþingi hefur síðasta orðið í því, eins og því hvort það samþykkir samninginn eða synjar honum.

Upphaflega var gert ráð fyrir því að málið kæmi úr nefndum fyrir helgi og til annarrar umræðu á Alþingi. Nú eru allar líkur á að það verði ekki fyrr en eftir helgina. Verið er að reyna að ná samstöðu um samþykkt afgreiðslu þingsins, hvaða fyrirvara eða samþykktir þingið gerir vegna ríkisábyrgðarinnar. Mögulegt er að stjórnarandstaðan, eða hluti hennar, sameinist stjórninni um þær tillögur.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er líklegt að frumvarpið verði samþykkt á Alþingi. Í greinargerð með því yrði hins vegar kveðið á um ríkari endurskoðunarákvæði, jafnvel færi á einhliða uppsögn, og greiðslubyrði.

Fjármálaráðherra staðfesti í gær frétt Fréttablaðsins um að erlendar skuldir þjóðarbúsins stefni í að vera yfir 200 prósent af vergri landsframleiðslu. Í tilkynningu frá ráðuneytinu segir að miðað við að verg landsframleiðsla verði tæpir 1.430 milljarðar á þessu ári, nemi sú tala um 2.800 til 3.000 milljörðum miðað við þær uppgjörsaðferðir sem Seðlabankinn og fjármálaráðuneytið nota.

- kóp / sjá síðu 4

ALLT Á AÐ SELJAST Sumarútsölur eru nú í algleymingi. Þessar sýningarbrúður stóðu vaktina á Laugaveginum í gær og virtust fylgjast gaumgæfilega með hugsanlegum kaupendum á meðal vegfarenda. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Breytingar um helgina:

Skeiðará komin yfir í Gígjukvísl

UMHVERFISMÁL „Við skjótum á að helmingurinn af Skeiðará sé farin yfir í Gígju," segir Jón Ragnarsson, starfsmaður Vegagerðarinnar á Höfn.

Samkvæmt mælum virðist sem vestari kvísl Skeiðarár hafi hætt að renna í farvegi árinnar um klukkan tvö aðfaranótt mánudags og flætt yfir í Gígjukvísl.

Jón segir að við þessum breytingum hafi verið búist þótt ekki hafi verið fyrirséð hvenær þær myndu verða. „Jökullinn hopar svo mikið að hann er kominn frá háum jökulöldum við upptökin. Þannig að vestari hlutinn fossar nú vestur fyrir ölduna og í Gígju," útskýrir Jón sem aðspurður telur um varanlega breytingu að ræða. „Nema þá að jökullinn fari að ganga fram aftur."

Að sögn Jóns getur brúin yfir Gígju annað þessu aukna vatnsmagni eins og staðan er núna. „En ef það kemur hlaup er ég smeykur um að vegurinn geti lokast."

- gar

Fyrrverandi forstjóri Kaupþings opnar ráðgjafarskrifstofu á meginlandi Evrópu:

Hreiðar Már til Lúxemborgar

FÓLK Hreiðar Már Sigurðsson, fyrrverandi forstjóri Kaupþings, er að flytja til Lúxemborgar. Hreiðar mun opna skrifstofu ráðgjafarfyrirtækisins Consolium ytra en fyrirtækið stofnaði hann í fyrrahaust ásamt samstarfsmönnum úr Kaupþingi. Það veitir ráðgjöf til fjármálastofnana og fyrirtækja. Hreiðar segist flytja utan á næstunni og setjast að í Lúxemborg ásamt fjölskyldu sinni.

Að sögn Hreiðars eru erlendir viðskiptavinir mun fleiri en íslenskir. Hann segir að

HREIÐAR MÁR SIGURÐSSON

það sé nóg að gera og hann sé ánægður með það traust sem viðskiptavinir hafi sýnt.

Hjá fyrirtækinu starfa fimm manns um þessar mundir og líklega mun þeim fjölga á næstunni. „Við höfum hóflegar væntingar um vöxt fyrirtækisins," segir Hreiðar.

Flutningur Hreiðars tengist ekki bankanum Banque Havilland sem stofnaður var eftir að Kaupþing í Lúxemborg var selt til Rowland-fjölskyldunnar nú fyrir skömmu.

- þþa

HVERT ÞYKIST ÞÚ VERA AÐ FARA?
KYNNTU ÞÉR KORTAÚRVAL FORLAGSINS
www.forlagid.is

SUBWAY
Kafbátur mánaðarins
349 kr.
Mosfellsbæ • Akranesi • Akureyri • Egilsstöðum
Selfossi • Keflavík • Hafnarfirði • Kópavogi • Reykjavík

ostur.is
Grill og ostur
– ljúffengur kostur!

SPURNING DAGSINS

Halla, fenguði ykkur ekki bara kríu til að róa ykkur?

„Neinei, betri er einn fugl í höfði en tveir á flugi.“

Bolvíkingar eru reiðir vegna vaxandi kríubyggðar í bænum. Stofnað hefur verið til sérstaks undirskriftalista vegna þessa en slys varð þegar mótorhjólamaður fékk kríu framan í sig. Halla Signý Kristjánsdóttir er fjármálastjóri Bolungarvíkur.

Forseti Alþingis segir enn óvíst hvenær umræðu um ESB-umsókn lýkur:

Atkvæði vonandi greidd í dag

ALÞINGI Ekki er víst að atkvæði verði greidd í dag um tillögu meirihluta utanríkismálanefndar um aðildarumsókn að Evrópusambandinu.

„Ef ég horfi á þetta með bjartsýnisgleraugunum þá vona ég að við klárum þetta annað kvöld [í kvöld],“ segir Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, forseti Alþingis. Það sé þó ekki víst, og geti dregist fram á fimmtudag.

Rætt var um Evrópumálin á Alþingi fram á kvöld í gær líkt og undanfarna daga. Ragnheiður Ríkharðsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, sagði ljóst að hin mörgu álitamál sem fyrir lægju yrðu aðeins skýrð í aðildarviðræðum við Evrópusambandið. Hún sagði það hins vegar miður að ekki hefði náðst breið samstaða um málið þvert á flokkslínur.

ÁSTA R. JÓHANNESDÓTTIR

RAGNHEIÐUR RÍKHARÐSDÓTTIR

Pétur H. Blöndal, samflokksmaður Ragnheiðar, fór næstur í pontu og sagði augljóst að Ragnheiður vildi í Evrópusambandið, og gagnrýndi hana fyrir að hafa ofurtrú á breytingartillögu utanríkismálanefndar um að tekið yrði tillit til tiltekinna sjónarmiða við aðildarviðræðurnar.

Líklegur stuðningur Ragnheiðar við tillöguna eykur enn frekar líkurnar á því að hún hljóti samþykki á þinginu. Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu mun meirihlutinn fyrir aðildarumsókn vera nokkuð tryggur fyrir. - sh

Afturrúðan flaug 25 metra:

Sniffaði gas og billinn sprakk

LÖGREGLUMÁL Mildi þykir að ungur maður hafi ekki beðið bana þegar bíll sem hann sat í sprakk í tætlur skammt utan við Akranes aðfaranótt mánudags. Maðurinn, sem er tæplega tvítugur, hafði verið að sniffa gas úr níu kílóa gaskút í bílnum og hugðist svo kveikja sér í sígarettu. Þá sprakk bíllinn.

Sprengingin var afar öflug og rifnaði meðal annars hurðin farþegamegin af bílnum og þeyttist tvo metra frá honum. Þá fannst afturrúðan í 25 metra fjarlægð og afturhluti bílsins, með ljósabúnaðinum, losnaði af honum. Maðurinn slasaðist nokkuð. Hann var fluttur á sjúkrahús. - sh

Ferðamenn kaupglaðir:

Sólgleraugu seljast grimmt

VERSLUN Erlendir ferðamenn kaupa nú dýr sólgleraugu sem aldrei fyrr, að sögn Gunnars Guðjónssonar í Gleraugnamiðstöðinni við Laugaveg.

Gunnar segist selja nokkur sólgleraugu á tugi þúsunda á degi hverjum, og þótt verslunin hafi alltaf selt nokkuð af sólgleraugum hafi salan aldrei verið neitt í líkingu við það sem verið hefur í sumar. Salan er þó líklega ekki veðrinu að þakka, enda sólin ekki látið sjá sig svo mikið, heldur er gengi íslensku krónunnar hagstæðara fyrir útlendinga en nokkru sinni fyrr. - sh

SPRON-HÚSIÐ Bókabúð Máls og menningar verður til húsa hér. Húsið hefur staðið autt frá því að starfsemi SPRON var hætt þar í mars.

Bókabúð Máls og menningar:

Opnuð á Skólavörðustíg í ágúst

MENNING Bókabúð Máls og menningar verður opnuð í gamla SPRON-húsinu á Skólavörðustíg í ágúst. Leigusamningur búðarinnar á Laugavegi 18 rennur út um mánaðamótin og eigendur búðarinnar sáu sér ekki fært að ráða við hækkun á leigu þar.

„Við ætlum að bretta upp ermar og opna sem fyrst,“ segir Elsa María Ólafsdóttir verslunarstjóri. Kaffihús verður í nýjum húsakynnum og allt á einni hæð. „Það er gott aðgengi fyrir hjólastóla, sem er mikið fagnaðarefni.“ - þeb

Seljendur kvóta fá leyfi til strandveiða

Fyrrum kvótaeigendur hafa margir fengið leyfi til strandveiða. Framkvæmdastjóri LÍÚ segir sambandið hafa fengið ábendingar vegna þessa. Kvótaeigandi segir þetta svekkjandi. Búið er að banna strandveiðar á tilteknu svæði.

SJÁVARÚTVEGUR Margir þeirra sem hafa fengið leyfi til strandveiða eru gamlir eigendur kvóta. Hafa þeir selt kvótann sinn, haldið skipunum, veiðarfærum og öðru og hafa nú fengið leyfi til strandveiða, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Nokkuð er um það að menn reki jafnvel tvo báta til strandveiða. Einnig eru dæmi þess að menn sem eiga lítinn kvóta hafi veitt veiðiskyldu sína í vor, fengið leyfi til strandveiða og leigi nú út kvótann sinn. Markmið strandveiða var meðal annars að auka nýliðun í greininni.

Halldór Ármannsson, formaður smábátaeigenda á Reykjanesi, og kvótaeigandi, sem Fréttablaðið hafði samband við, hefur keypt kvóta fyrir nokkra tugi milljóna á undanförnum árum. Nú hafa einhverjir seljendur kvótans fengið leyfi til strandveiða og keppa við Halldór á miðunum.

„Auðvitað er þetta svekkjandi að lenda í þessu en það þýðir ekkert fyrir mig að vera fúll út af þessu,“ segir Halldór sem segist stuðningsmaður strandveiðikerfisins þrátt fyrir þetta.

Örn Pálsson, framkvæmdastjóri Landssambands smábátaeigenda, segir sambandið hafa fengið nokkrar ábendingar varðandi það að gamlir kvótaeigendur séu á strandveiðum.

„Það er algengast að þeir sem selja frá sér kvóta haldi bátunum og þessir aðilar hafa örugglega farið inn í strandveiðikerfið,“ segir Örn.

Um 400 bátar hafa leyfi til strandveiða þó að skilyrðin séu ströng. Hafa þarf tilskilin réttindi og bát í haffæru ástandi. Töluverður kostnaður fylgir því að fá leyfi til strandveiða ef maður er nýr í greininni, að sögn Arnar. Því sé lítið um nýliða að veiðum.

Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna (LÍÚ), segir sambandið hafa fengið ábendingar vegna þessa. „Ég held að þetta sé í gangi. Þetta var ljóst frá upphafi og eitt af því sem við bentum á varðandi þessar strandveiðar.“

Frá og með fimmtudeginum verða strandveiðar á svæði A, sem nær frá Eyja- og Miklaholtshreppi til Skagabyggðar, bannaðar. Líklegt þótti að viðmiðunaraflinn yrði uppurinn um miðja þessa viku.

Gefið var út leyfi til strandveiða í lok júní. Kvótinn var samtals tæplega 4.000 tonn yfir sumartímann en nú þegar hafa veiðst um 1.140 tonn. Mest hefur veiðst á svæði A, um 750 tonn.

Ekki náðist í Jón Bjarnason sjávarútvegsráðherra vegna málsins.

vidirp@frettabladid.is

SMÁBÁTAR Strandveiðar voru hugsaðar sem frjálsar veiðar til að efla atvinnu í sjávarbyggðum landsins og stuðla að nýliðun í greininni.

BANKASTOPP OG FÁIR BÁTAR TIL SÖLU

Hjörleifur Guðmundsson, sem seldi kvóta fyrir nokkrum árum, hefur fengið leyfi til strandveiða. Telur hann eðlilegt að hann fái strandveiðaleyfi eins og hver annar.

Honum finnst jafnframt að sem flestir nýliðar ættu að koma í greinina. Nýliðun getur farið fram með strandveiðum, að mati Hjörleifs, en hún sé þó kannski ekki mikil sem stendur.

„Bankarnir eru auðvitað stopp og það verður engin nýliðun nema maður geti fengið lán. Strandveiðarnar komu með litlum fyrirvara og allir sem höfðu báta á sölu þá tóku þá til baka til að geta fengið leyfi. Því er kannski lítið um nýliðun af því að það þarf auðvitað bát til að veiða,“ segir Hjörleifur.

FRÁ URUMQI Töluverð spenna er enn í höfuðborg Xinjiang-héraðs í Kína.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Úígúrar í Mið-Asíu:

Óttast hörku Kínastjórnar

KÍNA, AP Baráttuhópar Úígúra í Mið-Asíuríkjum hvetja nú liðsmenn sína og stuðningsfólk til að hafa hægt um sig og forðast fjöldamótmæli.

Þetta er gert af ótta við að átökin breiðist út til nágrannalandanna og stjórnvöld í þeim löndum muni taka hart á slíkum mótmælum af ótta við viðbrögð kínverskra stjórnvalda.

Allt að hálf milljón Úígúra býr í fyrrverandi Sovétlýðveldum vestan við Kína. - gb

Nýtt tilfelli á Íslandi:

Unglingsstúlka með svínaflensu

HEILBRIGÐISMÁL Grunur leikur á því að íslensk unglingsstúlka sé smituð af svínaflensu og hafi jafnvel smitað aðstandanda sinn af flensunni, að því er sagði í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöldi. Stúlkan var sögð nýlega komin frá Bandaríkjunum.

Haraldur Briem sóttvarnalæknir vildi í samtölum við fjölmiðla í gær ekki staðfesta ný tilfelli en sagði yfirlýsingar að vænta um málið í dag. Búast megi við því að að tilfellum fjölgi á Íslandi enda breiði flensan úr sér um allan heim. - gar

you can
Canon

Farðu enn lengra í þinni ljósmyndun með Canon EOS

Fyrsti kostur fyrir áhuga- og atvinnuljósmyndara. Yfirgripsmesta D-SLR kerfið - frábært úrval af linsum og aukahlutum.

Söluaðilar um land allt.
Nánari upplýsingar á **www.canon.nyherji.is**

Einn fluttur á sjúkrahús með minni háttar meiðsl eftir árekstur við sjúkrabíl:

Keyrði á sjúkrabíl og slasaðist

LÖGREGLUMÁL Einn var fluttur á slysadeild um klukkan tvö í gær eftir að hafa ekið fólksbíl sínum inn í hlið sjúkrabíls í forgangsakstri á gatnamótum Njarðargötu og Hringbrautar.

Ökumaður fólksbílsins mun þó ekki hafa slasast alvarlega, að sögn varðstjóra lögreglu.

Sjúkrabíllinn sem ekið var á valt. Í honum voru tveir sjúkraflutningsmenn, annar ók en hinn sat í framsæti. Þeir sluppu báðir með minni háttar meiðsl. Enginn sjúklingur var í bílnum, sem var á leið í útkall í Vesturbæ. Bílarnir skemmdust báðir töluvert í árekstrinum og voru dregnir af vettvangi. - sh

AF SLYSSTAÐ Maðurinn var fluttur á börum í sjúkrabíl en mun þó ekki hafa verið mikið meiddur. FRÉTTABLAÐIÐ / GVA

Sportbúðin er ódýrari

og í leiðinni úr bænum

Besta verðið í bænum

Ron Thompson alklæðnaður í veiðina.
Góðar neoprenvöðlur og vatnsheldur jakki með útöndun.
Fullt verð 40.990. Sumartilboð aðeins 28.980.

Bæjarins besta verð

Lítið dæmi um gott verð.
Bæjarins langbesta verð. 299 kall stykkið.

Við erum ódýrari

Okuma Airframe fluguhjól.
Sterk og létt "large arbour" fluguhjól með góðri diskabremsu. Fáanleg í tveim stærðum.
Fullt verð 7.995. Sumartilboð aðeins 4.895.

Á sjó

DAM Power Pirate sjóhjól.
Vönduð og sterk sjóhjól frá þessum þekkta þýska framleiðanda.
Sumartilboð aðeins 7.995.

Sportbúðin býður betur

Letingjar, beitubox, flotholt, sökkur, önglar, tökuvarar og allt sem þú þarft í veiðina á góðu verði

Ótrúlegt verð

Veiðivesti á skemmtilegu tilboðsverði.
Svona verð sést ekki einu sinni í Kolaportinu.
Verð aðeins 2.995.-

við erum í leiðinni úr bænum

Ormar eru ekki alltaf fáanlegir þessa dagana.

5 ókeypis spúnar í kaupbæti

Góð kaup

Ron Thompson Carbostick kaststöng.
Vönduð og sterk þriggja hluta veiðistöng.
Sterkur hlífðarhólkur fylgir.
Fullt verð 18.995. Sumartilboð aðeins 13.980.

Hálfvirði

Okuma og DAM veiðihjól.
50% afsláttur af völdum hjólum.
Gott úrval og frábært verð.

Stál og hnífar

Hnífasett á frábæru tilboði.
Vandaðir hnífar, skurðarbretti og stál.
Sumartilboð aðeins 4.995

SPORTBÚÐIN

Í leiðinni úr bænum

Sportbúðin
Ódýra veiðibúðin

Krókháls 5 - 110 Reykjavík - 517 8050 - sportbudin.is

GENGIÐ 14.07.2009

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	127,54	128,14
Sterlingspund	208,05	209,07
Evra	178,32	179,32
Dönsk króna	23,947	24,087
Norsk króna	19,724	19,84
Sænsk króna	16,256	16,352
Japanskt jen	1,3696	1,3776
SDR	197,63	198,81

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 217,8754

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Stríðsglæpadómstóll dæmir einn helsta forsprakka þjóðarmorðsins í Rúanda:

Renzaho fer í lífstíðarfangelsi

TANSANÍA, AP Stríðsglæpadómstóll á vegum Sameinuðu þjóðanna hefur komist að þeirri niðurstöðu að Tharcisse Renzaho, 65 ára fyrrverandi ríkisstjóra í Kigali, höfuðborg Rúanda, hafi verið einn helsti forsprakki fjöldamorðanna þar árið 1994.

Fyrir glæpi sína var Renzaho dæmdur í ævilangt fangelsi.

Sem ríkisstjóri höfuðborgarinnar var hann jafnframt yfirmaður lögreglunnar. Dómstóllinn, sem hefur aðsetur í Tansaníu, segir ljóst að Renzaho hafi lagt á ráðin um morðin og hvatt bæði hermenn og almenna borgara til þess að setja upp vegatálma, þar sem hægt

THARCISSE RENZAHO Sannað þótti að hann hafi lagt á ráðin og hvatt til morðanna 1994. NORDICPHOTOS/AFP

væri að stöðva för Tútsa á flótta og ráða þá af dögum.

Erik Mose, aðaldómari dómstólsins, sagði að Renzaho hafi sjálfur átt hlut að morðum á meira en 100 Tútsum í kirkju nokkurri. Hann hafi verið á staðnum bæði fyrir og eftir morðin og látið undir höfuð leggjast að stöðva þau.

„Hann tók einnig þátt í að fjarlægja líkin," sagði Mose.

Meira en hálf milljón manna varð hundrað daga morðæði Hútúa að bráð. Hinir myrtu voru bæði Tútsar, sem eru í minnihluta íbúa landsins, og hófsamir Hútúar, sem vildu hlífa Tútsum.

Stríðsglæpadómstóllinn í Tansaníu hefur þegar fellt dóma yfir 39 sakborningum, en sex þeirra voru sýknaðir. - gb

Bandarískir kröfuhafar:

Eignast líklega Kaupþing

VIÐSKIPTI Bandarískir vogunar- og tryggingarsjóðir gætu orðið stærstu eigendur Kaupþings í vikulok. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gær. Um er að ræða kröfuhafa í bankanum.

Efnahagsreikningar ríkisbankanna eiga að liggja fyrir á föstudaginn, sem og endurfjármögnun þeirra og hvernig kröfuhafar koma að því.

Samkvæmt heimildum Stöðvar 2 er líka mögulegt að kröfuhafarnir fái hlutdeild í hagnaði bankans og vilyrði um að kaupa hann seinna. Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra vildi lítið tjá sig um málið í gær. - þeb

Uppgjör Goldman Sachs:

Hagnast um 3,4 milljarða dala

VIÐSKIPTI Bandaríski bankinn Goldman Sachs hagnaðist um 3,44 milljarða dala eða 426 milljarða króna á núverandi gengi á tímabilinu apríl til júníloka. Uppgjörið sýndi umtalsvert betri afkomu en greinendur höfðu áður gert ráð fyrir.

Bankinn hefur greitt til baka þau lán sem hann fékk frá bandaríska ríkinu í björgunarpakka þarlendra yfirvalda. Hlutabréf í Goldman Sachs tóku við sér í gær við þessi tíðindi og hafa hækkað um 75 prósent það sem af er ári. - bþa

Charles Taylor fyrir dómi:

Segir ákærur reistar á lygum

HOLLAND, AP Charles Taylor, fyrrverandi forseti Líberíu, segir ákærur stríðsglæpadómstóls Sameinuðu þjóðanna á hendur sér reistar á lygum og rangfærslum.



CHARLES TAYLOR

Hann kom í gær í fyrsta sinn í vitnastúku dómstólsins, sem hefur aðsetur í Haag. Hann neitar alfarið að hafa stjórnað og vígvætt uppreisnarhópa sem drápu og pyntuðu þúsundir manna.

Taylor er fyrsti þjóðarleiðtogi Afríkuríkis sem ákærður er fyrir stríðsglæpi. Hann er sakaður um morð, pyntingar, nauðganir, kynlífsþrælkun, hryðjuverk og notkun barna til hermennsku á tímum borgarastyrjaldarinnar í Síerra Leóne árin 1991-2002. Þau átök kostuðu um hálfa milljón manna lífið. - gb

Þingið marki Icesave pólitíska umgjörð

Svavar Gestsson segir eðlilegt að Alþingi geri samþykktir um sína pólitísku skoðun á því hvernig Icesave-samningum verði háttað. Hann segir ólíklegt að hægt væri að ná jafnhagstæðum samningum enda hafi vaxtastig hækkað.

UTANRÍKISMÁL Svavar Gestsson, formaður samninganefndar um Icesave, segir óhjákvæmilegt að Alþingi hafi pólitíska skoðun á því hver verði framgangur samningsins. Hana mætti setja fram hvort sem er í nefndaráliti eða með öðrum hætti. Samninginn sjálfan verði hins vegar að samþykkja eða fella.

„Alþingi hlýtur auðvitað að hafa sína skoðun á því til dæmis hvernig framkvæmd samningsins verður háttað á komandi árum. Það er Alþingi sem ræður hinni pólitísku umgjörð málsins, eins og fjármálaráðherra sagði í viðtali í gær."

Svavar segir að þróunin hafi sýnt að samningurinn sé um margt hagstæður. Margt í umhverfinu nú sé orðið óhagstæðara en var þegar hann var gerður. Í honum sé miðað við 4,30 prósenta SIRR-vexti og 125 punkta álag ofan á það; alls 5,55 prósenta vexti. SIRR-vextir séu í dag 4,70 prósent. Svavar segir að með því að hafna samningnum sé verið að taka mikla áhættu fyrir þjóðina og þjóðarbúið.

Svavar segir gríðarlega mikilvægt að náðst hafi það ákvæði í samninginn að hægt sé að segja honum upp og borga upp fáist fjármagn á hagstæðari kjörum. Þá sé lánstíminn lengri en gengur og gerist og mikilvægt sé fyrir þjóðina að fá efnahagslegt skjól í sjö ár.

Hann hafnar því að samningsstaða Íslendinga hafi verið vonlaus. Brautin hafi meðal annars verið lögð með undirskrift Davíðs Oddssonar 15. nóvember þar sem ábyrgð Íslendinga á skuldbind-

SAMNINGAMAÐUR Svavar segir vexti nú vera mun óhagstæðari en þegar samninguinn um Icesave var gerður. Það sé mikil áhætta fyrir þjóðina og þjóðarbúið að fella samningana. Alþingi ráði hins vegar hinni pólitísku umgjörð málsins.

> Alþingi hlýtur auðvitað að hafa sína skoðun á því til dæmis hvernig framkvæmd samningsins verður háttað á komandi árum.
>
> **SVAVAR GESTSSON**
> FORMAÐUR SAMNINGANEFNDAR UM ICESAVE

ingunum sé viðurkennd. Þá hafi ramminn utan um viðræðurnar verið dreginn í samþykkt Alþingis frá 5. desember.

Svavar segir Brussel-viðmiðin hafa veitt viðspyrnu, en þar leggja Evrópska efnahagssvæðið og alþjóðasamfélagið áherslu á að tekið yrði tillit til þeirra erfiðu og fordæmalausu aðstæðna sem Ísland er í.

Samninganefndin hafi síðan miskunnarlaust beitt frystingu Breta og minnt á að Íslendingar hefðu skaðast af beitingu hryðjuverkalaganna. Þá hafi því verið beitt að þarna hafi komið í ljós að regluverk um innstæður í Evrópu væri gallað. Það að samþykkt hafi verið að eignir Landsbankans gengju upp í skuldir hafi líka hjálpað til. Samningsstaðan hafi því ekki verið vonlaus, en helgast af því að ákveðið hafi verið í nóvember að borga skuldirnar.

Ekki er reiknað með að þingnefndir ljúki umfjöllun um málið fyrr en eftir helgi.

kolbeinn@frettabladid.is

VALHÖLL BRENNUR Talið er eldurinn hafi komið upp í gasgrilli en mikil fita hafði safnast á grillinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Rannsókn á Hótel Valhöll:

Kviknaði í út frá gasgrilli

ELDSVOÐI Líklegasta orsök bruna Hótels Valhallar er að eldur hafi komið upp í gasgrilli í eldhúsinu, að sögn Þorgríms Óla Sigurðssonar, aðstoðaryfirlögregluþjóns lögreglunnar á Selfossi. Mikil fita hafði safnast á grillinu og líklegt sé að kviknað hafi í henni. Eldurinn hafi við það farið upp um háf í eldhúsinu. Þaðan hafi eldurinn náð upp á milliloft og svo breiðst hratt út.

„Um leið og hann náði að brjótast niður úr loftinu og fá súrefni hefur hann farið út um allt," segir Þorgrímur. Ekkert bendir til refsiverðrar háttsemi.

Rannsókn er ekki lokið, en hún gæti tekið nokkrar vikur, að sögn Þorgríms. Rannsóknin er unnin af lögreglunni á Selfossi í samstarfi við tæknideild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Húsið var tryggt fyrir 280 milljónir króna. - vsp

KÓPAVOGUR

Vilja tilnefningar

Kópavogsbær hefur auglýst eftir tilnefningum vegna árlegrar jafnréttisviðurkenningar. Um getur verið að ræða stofnun, fyrirtæki, einstakling, nefnd eða ráð Kópavogsbæjar. Halla Tómasdóttir, stjórnarformaður Auðar Capital, fékk viðurkenninguna í fyrra en Landsbankinn árið 2007.

VEÐURSPÁ

Soffía Sveinsdóttir
Veðurfréttamaður

BJARTAST SYÐST
Horfur eru á nokkuð björtu veðri sunnan- og suðvestanlands í dag en annars staðar verður fremur skýjað. Búast má við smá rigningu eða súld norðan og austanlands og austantil bætir heldur í rigningu er líður á daginn.



Á MORGUN
3-10 m/s
Hvassast suðaustan til.

FÖSTUDAGUR
Hæg breytileg átt um allt land.

HEIMURINN

Alicante	32°
Bassel	30°
Berlín	26°
Billund	22°
Eindhoven	22°
Frankfurt	28°
Friedrichshafen	26°
Gautaborg	24°
Kaupmannahöfn	24°
Las Palmas	24°
London	22°
Mallorca	31°
New York	28°
Orlando	34°
Ósló	20°
París	25°
San Francisco	24°
Stokkhólmur	21°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

ÞRÝSTIJÖFNUNAR SVAMPSRÚM

30% AFSLÁTTUR!

- Lagar sig að líkamanum
- Veitir fullkomna slökun
- Engin hreyfing milli svefnsvæða
- Hefur óviðjafnanlega þyngdardreyfingu
- Kemur líkamanum í rétta stellingu til hvíldar
- Þarf ekki að snúa
- 10 ára ábyrgð

ÞRÝSTIJÖFNUNAR-SVAMPSRÚM
(Queen size 153x203)
Verð frá 165.500 kr.
Verð nú frá 115.850 kr.

FJÖLSTILLANLEG HÁGÆÐA AMERÍSK HEILSURÚM Á 30% AFSLÆTTI!

S-CAPE
Fjölstillanlegt amerískt heilsurúm með hágæða heilsudýnu (2x97x203)
Verð frá 821.114 kr.
Verð nú frá 574.480 kr.

WALLHUGGER
Fjölstillanlegt amerískt heilsurúm með hágæða heilsudýnu (2x97x203)
Verð frá 676.114 kr.
Verð nú frá 473.279 kr.

ARGHI 0609

rekkjan
HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Blái húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

KJÖRKASSINN



Hefur þú leitað í Rauðakrosshúsið?

Já	3,8%
Nei	96,2%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Langar þig að skoða kjól Jóhönnu Guðrúnar sem verður til sýnis á Hringbraut 49 á næstunni?

Segðu þína skoðun á vísir.is. VÍSIR

Vilja endurfjármögnun Strætó en telja fyrirtækinu settar ósveigjanlegar skorður:

Telja skilyrðin alltof bindandi

REYKJAVÍK Umhverfis- og samgönguráð Reykjavíkur ákvað í gær að mæla með því við borgarráð að samþykkja ekki skilyrði sem sett hafa verið fram vegna endurfjármögnunar Strætó bs.

„Skiljanlega hafa sveitarfélögin áhyggjur af því að það sé endalaust að fara peningur í Strætó og þar af leiðandi settu þau fram ýmis skilyrði. Við viljum í raun endurfjármagna og að fyrirtækið haldi áfram en okkur fannst skilyrðin of bindandi fyrir rekstur Strætó á næstu árum. Til dæmis er varla hægt að gera ráð fyrir því að áætlanir þessa árs standist," segir Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, formaður umhverfis- og samgönguráðs. Hún kveður alla fulltrúana í ráðinu sammála um nauðsyn þess að endurfjármagna Strætó en að skilyrði séu of ströng og heftandi.

ÞORBJÖRG HELGA VIGFÚSDÓTTIR Skilyrði meðeigenda Reykjavíkurborgar í Strætó bs. eru of bindandi segir formaður umhverfis- og samgönguráðs.

Samkvæmt tillögu Samtaka sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu á að setja samanlagt um þrjá milljarða króna til að bæta skuldastöðu Strætó. Hlutur Reykjavíkurborgar nemur 1,4 milljörðum. Þorbjörg Helga segir alla fulltrúana í umhverfis- og samgönguráði sammála um að áðurnefnd skilyrði séu óaðgengileg. Hins vegar sé nauðsynlegt að endurfjármagna Strætó.

Ólafur F. Magnússon, sem lagði fram sérstaka bókun á fundinum í gær segist orðinn langþreyttur á umræðu um að Strætó sé á hausnum. „Sum sveitarfélögin hafa verið þung í taumi og virðast heldur vilja bæta við þriðja einkabílnum hjá fjölskyldum en að bæta þennan samgöngumáta," segir Ólafur. - gar

Slitastjórn borgaði laun í gær:

Feginn að þessu sé lokið

ATVINNA Allir starfsmenn SPRON á uppsagnarfresti fengu launin sín greidd í gær en slitastjórn SPRON hafði lofað því að það yrði gert.

„Mér finnst gott að þingmenn sýndu þann vilja að breyta þessu," segir Ósvaldur Knudsen, talsmaður fyrrum starfsmanna SPRON, sem segist jafnframt feginn að þessu sé lokið.

Mikill styr hefur staðið um launagreiðslur til starfsmanna SPRON en sett voru lög á mánudag þar sem slitastjórninni var veitt heimild til að greiða út launin. Slitastjórninni hafði ekki talið sér heimilt að greiða út launin. - vsp

Segir lögfræðinga Seðlabankans blekkja

Formaður utanríkismálanefndar segir lögfræðinga Seðlabankans hafa blekkt utanríkismálanefnd með því að gefa í skyn að persónulegt álit þeirra væri umsögn bankans. Minnisblaðið var á bréfsefni Seðlabankans en er vinnugagn.

UTANRÍKISMÁL Árni Þór Sigurðsson, formaður utanríkismálanefndar, segir lögfræðinga Seðlabankans hafa blekkt utanríkismálanefnd. Minnisblað sem Sigríður Logadóttir aðallögfræðingur og Sigurður Thoroddsen, lögfræðingur á Alþjóða- og markaðssviði bankans, lögðu fyrir utanríkismálanefnd Alþingis, var ekki umsögn Seðlabankans. Þetta áréttaði Sigríður í tölvubréfi á þriðjudagskvöld. Nefndarmenn stóðu í þeirri meiningu að um formlegt álit bankans væri að ræða.

ÁRNI ÞÓR SIGURÐSSON

Álitið er neikvætt í garð samninganna og hafði vakið nokkur viðbrögð. Í bréfinu segir Sigríður: „Við lögfræðingar SÍ viljum undirstrika að minnisblaðið til utanríkismálanefndar er samantekt á því sem kom fram á fundinum þar sem lögfræðingar mættu sem gestir og ber ekki að líta á sem umsögn Seðlabankans sem slíka."

Árni Þór Sigurðsson, formaður nefndarinnar, segir að alltaf hafi legið ljóst fyrir að verið væri að leita eftir umsögn bankans, ekki tveggja lögfræðinga. Aðrir nefndarmenn sem Fréttablaðið talaði við tóku undir það.

Ekki náðist í Sigríði í gær, en í svari frá Seðlabankanum segir að minnisblaðið sé hluti af gögnum sem notuð eru við gerð álits fyrir fjárlaganefnd, en fulltrúar bankans munu kynna það fyrir nefndinni í dag. Minnisblaðið sé því vinnugagn sem verði notað við lokaútgáfu álitsins. Minnisblaðið er ritað á bréfsefni Seðlabankans.

ALÞINGI Minnisblað sem utanríkismálanefnd Alþingis vissi ekki betur en að væri formleg umsögn Seðlabankans reyndist aðeins vera álit aðallögfræðings og lögfræðings á Alþjóða- og markaðssviði. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> Fyrir mér virðist sem viðkomandi starfsmaður sé enn að vinna fyrir Davíð Oddsson."
>
> **ÁRNI ÞÓR SIGURÐSSON**
> FORMAÐUR UTANRÍKISMÁLANEFNDAR

Árni Þór var harðorður í garð Sigríðar og í viðtali við Ríkisútvarpið talaði hann um „einkaflipp" starfsmanna bankans. „Fyrir mér virðist sem viðkomandi starfsmaður sé enn að vinna fyrir Davíð Oddsson."

Þessi ummæli vöktu hörð viðbrögð á Alþingi og Ólöf Nordal og Ragnheiður Elín Árnadóttir, þingmenn Sjálfstæðisflokksins, kröfðust þess að Árni bæði starfsmennina afsökunar.

Svavar Gestsson, formaður samninganefndarinnar um Icesave, segist vona að nefndin skoði álit lögfræðinganna eins og önnur álit. Það hafi þó allt aðra stöðu nú þegar búið sé að upplýsa að það er ekki álit Seðlabankans. Það breyti því þó ekki að það verði að skoða samviskusamlega, líkt og ótal önnur álit og greinargerðir sem hjálpi mönnum að komast að skynsamlegri niðurstöðu.

kolbeinn@frettabladid.is

Íbúar ósáttir við að rask í götunni sé ekki nýtt til að koma ljósleiðara í hús:

Bíða eftir heimtengingum

FJARSKIPTI Íbúar við Hörpugötu í Reykjavík eru ósáttir við að ekki verði lagður ljósleiðari í hús í götunni þrátt fyrir rask á vegum Reykjavíkurborgar og Orkuveitunnar í götunni. Hverfið er ekki á áætlun ársins segir framkvæmdastjóri Gagnaveitu Reykjavíkur.

„Við undrumst að gengið sé hálfa leið þegar hægt er, og tækifæri til, að ganga alla leið," skrifar Baldvin Gunnar Árnason, íbúi við Hörpugötu, í bréfi til Gagnaveitunnar.

Reykjavíkurborg ákvað að endurnýja gangstéttir við Hörpugötu, Gougötu og Þjórsárgötu og eins og venjan er í slíkum tilvikum nota Orkuveita Reykjavíkur og Gagnaveita Reykjavíkur tækifærið til að leggja þær lagnir sem þarf, segir Birgir Rafn Þráinsson, framkvæmdastjóri Gagnaveitunnar.

Hann segir að í þessu tilviki hafi verið lagður ljósleiðari undir gangstétt og að lóðarmörkum, en þar sem Orkuveitan hafi ekki endurnýjað leiðslur heim að húsum hafi Gagnaveitan ákveðið að tengja ljósleiðara við húsin síðar.

Birgir segir að þar sem hverfið hafi ekki verið á framkvæmdaáætlun Gagnaveitunnar í ár sé einfaldlega ekki til fé til að leggja ljósleiðara að húsunum.

RASK Reykjavíkurborg ákvað að endurnýja gangstéttir við nokkrar götur í Skerjafirðinum í sumar, og nota veitufyrirtæki tækifærið til að koma lögnum í jörð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Óverulegur kostnaður sé við að fresta því, og ekki þurfi að raska gangstéttum eða götunni aftur þegar það verði gert. - bj

Í DAG ER

OFURDAGUR

BENSÍNORKUNNAR

-5 kr.

af eldsneytislítranum á öllum stöðvum fyrir **handhafa Orkulykla**

Fáðu þér lykil að sparnaði

Alltaf **2 kr.** afsláttur

Pantaðu nýja Orkulykilinn á **www.orkan.is** eða í síma **533 5123** og við sendum þér lykilinn þér að kostnaðarlausu. Við fyrstu notkun og á Ofurdögum Bensínorkunnar færðu **5 króna afslátt** af eldsneytislítranum en annars færðu alltaf **2 króna afslátt**.

Sæktu um Orkulykil á **www.orkan.is**

ORKAN BENSÍN

Spáðu í hvað þú sparar!

Skipstjóri skilur ekkert í ákvörðun sjávarútvegsráðherra að minnka þorskkvótann:

Minnkar tekjur um 3,5 milljarða

SJÁVARÚTVEGUR Kristján Gíslason, skipstjóri á Mars RE, segir óþolandi að sjávarútvegsráðherra taki ekki mark á neinum öðrum en Hafrannsóknastofnun þegar kemur að ákvörðun um fiskveiðikvóta. Jón Bjarnason sjávarútvegsráðherra ákvað á dögunum að minnka þorskkvótann um rúm 12 þúsund tonn. Telur Kristján að auka hefði mátt kvótann í staðinn um 10 þúsund tonn, hið minnsta.

„Þetta er þyngra en tárum tekur að þessi maður skuli voga sér að hunsa reynslu okkar skipstjóra því að við erum vitnin á staðnum. Það er miklu meira af þorski á ferðinni en Hafró viðurkennir enda er stofnstærðarmat þeirra gallað," segir Kristján.

Með minnkun þorskkvótans tapar íslenska ríkið um 3,5 milljörðum í útflutningstekjur sem þjóðinni veitti ekki af í þessu árferði, að mati Kristjáns.

„Svo er þetta vinna fyrir 270 manns ef þetta er unnið í landi. Með því að auka kvótann í staðinn um 10 þúsund tonn áhyggjulaust hefði það aukið útflutningstekjur um 7 milljarða frá því sem nú verður," segir Kristján.

Meiri fiskur er í sjónum en hefur verið í háa herrans tíð, að mati Kristjáns, því nú sé hellingur af þorski kominn frá Grænlandi. - vsp

FISKVINNSLA Aukning kvóta um 10 þúsund tonn hefði skapað 270 störf og aukið útflutningstekjur um 7 milljarða frá því sem nú verður, að sögn skipstjóra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Leynileg áætlun um morðsveitir frá CIA

Dick Cheney, fyrrverandi varaforseti Bandaríkjanna, hélt árum saman leyndri fyrir þinginu áætlun leyniþjónustunnar um aftökusveitir til höfuðs leiðtogum Al Kaída. Áætluninni var aldrei hrint í framkvæmd.

BANDARÍKIN Frá árinu 2001 var bandaríska leyniþjónustan CIA með áætlun tilbúna um að ráða helstu leiðtoga hryðjuverkasamtakanna Al Kaída af dögum. Þeirri áætlun var aldrei hrint í framkvæmd, en hún var heldur ekki lögð á hilluna fyrr en í síðasta mánuði.

Bandarísku dagblöðin Wall Street Journal og New York Times hafa skýrt frá þessu síðustu daga. New York Times segir vandræðagang hafa einkennt málið frá upphafi. Óljóst hafi verið hvernig ætti að standa að framkvæmdinni og sömuleiðis óljóst hverjir innan stjórnkerfisins mættu eða ættu að fá að vita af þessari áætlun, sem vitað var að yrði umdeild.

Dick Cheney, fyrrverandi varaforseti, lagði frá upphafi áherslu á að þessu væri haldið leyndu fyrir Bandaríkjaþingi.

Fljótlega eftir að Leon E. Panetta, nýr yfirmaður CIA, frétti af þessu tók hann ákvörðun um að hætt skyldi við öll áform af þessu tagi. Jafnframt skýrði hann leyniþjónustunefndum beggja deilda þingsins frá málinu.

Strax á fyrstu vikunum eftir árásir hryðjuverkamanna á Bandaríkin þann 11. september árið 2001 kom upp sú hugmynd að gera þyrfti leyniþjónustunni kleift að taka Osama bin Laden og aðra helstu leiðtoga Al Kaída af lífi hvenær sem tækifæri gæfist.

Útfærslan í framkvæmd reyndist þó heldur flókin. „Þetta hljómar vel í bíómyndum, en þegar að framkvæmdinni kemur þá er þetta ekki svo einfalt," hefur New York Times eftir ónefndum heimildarmanni, fyrrverandi leyniþjónustumanni:

> Þetta hljómar vel í bíómyndum, en þegar að framkvæmdinni kemur þá er þetta ekki svo einfalt.
>
> **ÓNEFNDUR HEIMILDARMAÐUR** Í VIÐTALI VIÐ NEW YORK TIMES

„Hvar eiga þeir að hafa bækistöðvar? Hvernig eiga þeir að líta út? Eiga þeir að sitja í höfuðstöðvunum og bíða tilbúnir til útkalls hvenær sem er sólarhringsins?"

Lögfræðilega hliðin olli yfirmönnum leyniþjónustunnar ekki síður heilabrotum en útfærsluatriðin, því þótt ýmsir lögfræðingar á vegum Bandaríkjastjórnar hafi reyndar komist að þeirri niðurstöðu að þetta ætti ekkert að brjóta í bága við alþjóðasamninga þá voru þær vangaveltur lögfræðinganna umdeildar.

Ísraelsk stjórnvöld hafa árum saman stundað það að senda fámennar morðsveitir til að taka andstæðinga sína af lífi hvar sem til þeirra næst án dóms og laga. Þau hafa til þessa látið sér fátt um finnast, þótt sú iðja hafi sætt gagnrýni. gudsteinn@frettabladid.is

DICK CHENEY Fyrrverandi varaforseti Bandaríkjanna lagði áherslu á að Bandaríkjaþing fengi ekkert að vita. NORDICPHOTOS/AFP

Velta vegna hvalaskoðunar í heiminum hefur tvöfaldast á síðustu tíu árum:

Sóknarfærin eru gríðarleg

FERÐAIÐNAÐUR Velta vegna hvalaskoðunar í heiminum hefur rúmlega tvöfaldast á síðustu tíu árum. Árið 1998 fóru 9 milljónir ferðamanna í 87 löndum í hvalaskoðun og var heildarveltan um 127 milljarðar íslenskra króna. Tíu árum síðar, árið 2008, fóru 13 milljónir manna í hvalaskoðun í 119 löndum og var heildarveltan um 267 milljarðar.

RANNVEIG GRÉTARSDÓTTIR

Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Alþjóðadýraverndunarsjóðsins (IFAW) sem kynnt var á blaðamannafundi um borð í hvalaskoðunarskipinu Eldingu í gær.

Robbie Marsland, yfirmaður Alþjóðadýraverndunarsjóðsins í London, segir að skýrslan leiði í ljós ábata strandsvæða af mjög aukinni ásókn í hvalaskoðun.

„IFAW styður ábyrga hvalaskoðun sem mannúðlega, sjálfbæra og efnahagslega jákvæða nýtingu á hvalastofnum," segir Robbie.

Rannveig Grétarsdóttir, formaður Hvalaskoðunarsamtaka Íslands, segir að skýrslan sýni að enn eru gríðarlega mikil sóknarfæri á Íslandi í hvalaskoðun að því gefnu að réttar pólitískar ákvarðanir verði teknir sem styðji við greinina en skaði hana ekki.

Fjöldi hvalaskoðara hefur tvöfaldast í Evrópu síðastliðinn áratug og veltir greinin þar um 12,7 milljörðum íslenskra króna. Fjöldi hvalaskoðara í Asíu hefur hins vegar fimmfaldast á síðustu tíu árum. - vsp

Í ELDINGU Robbie Marsland, yfirmaður Alþjóðadýraverndunarsjóðsins, kynnir niðurstöðu skýrslunnar á blaðamannafundi um borð í Eldingu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

GARÐ ÚTSALA

Síðustu dagar!

50%
AFSLÁTTUR
ÖLL SUMARBLÓM
OG TRJÁPLÖNTUR

2 fyrir 1
SÝPRIS
499

OREGON STÓLL
vrn: 3899087
4.990
VERÐ ÁÐUR
~~5.990~~

15-35%
AFSLÁTTUR
GARÐ-
HÚSGÖGN

MARGARÍTA
499

BIRKI
399

ÚRVALS
GRÓÐURMOLD
JONGKIND
10 ltr
399

35%
AFSLÁTTUR
REIÐHJÓLA-
HJÁLMAR

25%
AFSLÁTTUR
REIÐHJÓL

HÚSASMIÐJAN x blómaval

Fráber saman

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl og eru háðar lagerstöðu.

Tímaritið Fortune fylgist með stærð fyrirtækja:

Orkufyrirtækin stærst í heimi

BANDARÍKIN Olíufélagið Royal Dutch Shell er stærsta fyrirtæki heims, samkvæmt nýrri samantekt viðskiptatímaritsins Fortune. Tímaritið birtir árlega lista yfir stærstu fyrirtæki heims.

Þetta bresk-hollenska fyrirtæki skilaði 458 milljörðum dala í tekjur, þar af 26 milljörðum í hagnað. Þetta samsvarar nærri 60.000 milljörðum króna í tekjur og 3.300 milljörðum í hagnað.

Flest stærstu fyrirtækin á listanum í ár eru olíufélög og orkufyrirtæki, en í þriðja sæti er þó verslunarkeðjan Walmart og í sjöunda sæti er hugbúnaðarfyrirtækið Microsoft.

DÆLT Á TANKINN Shell er stærsta fyrirtæki heims. NORDICPHOTOS/AFP

Í öðru sæti á listanum er olíufyrirtækið Exxon Mobil, í fjórða sæti er BP og í fimmta sæti Chevron.

Bandarískum fyrirtækjum hefur fækkað töluvert á listanum, og tíðindi þykja að efsta fyrirtækið sé ekki bandarískt. Slíkt hefur ekki gerst í tíu ár.

Walmart lendir hins vegar í efsta sæti þegar fjöldi starfsmanna er skoðaður. Verslunarkeðjan er með 2.1 milljónir starfsmanna. Á þennan mælikvarða kemur Ríkisolíuverslun Kína með 1,6 milljónir starfsmanna.

Stærsta tap ársins kom hins vegar í hlut bandaríska húsnæðislánabankans Fannie Mae, sem rann svo eftirminnilega á hausinn í fyrra og glataði nærri 59 milljónum dala. - gb

UNNIÐ AÐ HREINSUN Starfsmenn Reykjavíkurborgar unnu að því að hreinsa burt byggingarefni og rusl af svæðinu við Hestavað í gær. Vonast er til að mesta ruslinu verði komið í burtu í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Starfsmenn Reykjavíkurborgar vinna við hreinsun á lóðum í Norðlingaholti:

Hættulegar lóðir hreinsaðar

SAMFÉLAGSMÁL Starfsmenn Reykjavíkurborgar unnu í gær að því að hreinsa upp rusl á lóð borgarinnar við Hestavað í Norðlingaholti. Fréttablaðið greindi frá því í gær að börn hefðu slasað sig á lóðinni, meðal annars lá drengur á spítala með blóðeitrun eftir að hafa stigið þar á nagla.

„Þetta er mikið gleðiefni," segir Katrín Garðarsdóttir, íbúi í Kambavaði. Hún segir íbúana alla ánægða með þróun mála. Að sögn Jóhanns S. D. Christiansen, verkefnastjóra hjá Reykjavíkurborg, gekk hreinsunin vel í gær og gert er ráð fyrir því að farið verði langleiðina með að klára hreinsunina á svæðinu í dag. Þá verður farið á fleiri svipaðar lóðir, bæði í Norðlingaholti og Úlfarsárdal. „Við erum líka að vinna í byggingalóðunum, erum að reyna að minnka hættuástandið eftir bestu getu," segir Jóhann, en byggingalóðirnar sem um ræðir eru ekki í eigu borgarinnar. Vegna slysahættu og rusls ætlar borgin hins vegar að senda erindi til lóðarhafa þar sem þeim er gert að ganga vel frá eftir sig og skilja við lóðir svo ekki sé hætta á slysum. Ef ekki verður brugðist við því mun borgin hreinsa lóðirnar á kostnað eigenda. - þeb

Betri notaðir bílar

TOYOTA

Sumarbílar

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI

Toyota Land Cruiser 120
3000 dísil ssk. 35”breyt.
Á götuna: 12.06 Ekinn: 77.000 km
Verð: 6.260.000 kr. Skr.nr. TU 645

GÆÐABÍLL/KÓPAVOGI

Toyota Camry LE
2400 bensín ssk. 18” álfelgur
Á götuna: 04.08 Ekinn: 22.000 km
Verð: 3.990.000 kr. Skr.nr. OBA 53

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI

Toyota Yaris
1300 bensín 5 gíra bsk.
Á götuna: 01.08 Ekinn: 16.000 km
Verð: 2.090.000 kr. Skr.nr. IPJ 09

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI

Lexus IS250 sport
2500 bensín ssk.
Á götuna: 10.06 Ekinn: 29.000 km
Verð: 5.190.000 kr. Skr.nr. DU 297

GÆÐABÍLL/KÓPAVOGI

Porsche Cayenne S
4500 bensín ssk.
Á götuna: 01.03 Ekinn: 64.000 km
Verð: 4.490.000 kr. Skr.nr. BM 965

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI

Toyota Prius Hybrid
1500 bensín/rafmagn ssk.
Á götuna: 05.08 Ekinn: 19.000 km
Verð: 3.320.000 kr. Skr.nr. LPZ 03

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI

Toyota Avensis W/G
1800 bensín ssk.
Á götuna: 01.08 Ekinn: 26.000 km
Verð: 3.490.000 kr. Skr.nr. MAR 77

GÆÐABÍLL/KÓPAVOGI

Infinity QX56
5600 bensín ssk.
Á götuna: 05.05 Ekinn: 92.000 km
Verð: 3.790.000 kr. Skr.nr. OV 054

GÆÐABÍLL/KLETTHÁLSI

Toyota Land Cruiser 120 GX
3000 dísil ssk.
Á götuna: 10.04 Ekinn: 112.000 km
Verð: 5.350.000 kr. Skr.nr. OJ 506

ÚRVALSBÍLL/KLETTHÁLSI

Toyota Yaris T-Sport
1800 bensín bsk.
Á götuna: 07.07 Ekinn: 17.000 km
Verð: 2.550.000 kr. Skr.nr. RL 835

GÆÐABÍLL/KLETTHÁLSI



Lexus GS300
3000 bensín ssk.
Á götuna: 05.05 Ekinn: 39.000 km
Verð: 5.490.000 kr. Skr.nr. ZG 615

ÚRVALSBÍLL/KLETTHÁLSI

Audi Q7 Quattro
4200 bensín ssk.
Á götuna: 06.06 Ekinn: 53.000 km
Verð: 8.990.000 kr. Skr.nr. LK 622
Betra verð: 6.690.000 kr.

ÚRVALSBÍLL/KLETTHÁLSI

Lexus LX470
4700 bensín ssk.
Á götuna: 10.04 Ekinn: 78.000 km
Verð: 5.690.000 kr. Skr.nr. KX 737

GÆÐABÍLL/KLETTHÁLSI

Toyota Land Cruiser 100
4200 dísil ssk. Sóllúga
Á götuna: 06.04 Ekinn: 60.000 km
Verð: 6.190.000 kr. Skr.nr. NG 605

GÆÐABÍLL/KLETTHÁLS

Ford Escape Limited
3000 bensín ssk.
Á götuna: 04.06 Ekinn: 70.000 km
Verð: 2.790.000 kr. Skr.nr. TG 095
Betra verð: 1.990.000 kr.

ÚRVALSBÍLL/KLETTHÁLSI

Toyota Land Cruiser 120
3000 dísil bsk. 35”breyt.
Á götuna: 06.06 Ekinn: 65.000 km
Verð: 5.990.000 kr. Skr.nr. LL 762

Hvað er Úrvalsbíll?
Er í verksmiðjuábyrgð.
12 mánaða viðbótarábyrgð.

Hvað er Gæðabíll?
Er ekki í verksmiðjuábyrgð.
3 mánaða viðbótarábyrgð.

BNB-sölugreining
Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhalds-sögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annaðhvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

Betri Notaðir Bílar
Nýbýlavegi 4 og Kletthálsi 2
Sími: 570-5070

www.toyota.is - www.bnb.is

Today
Tomorrow
Toyota

skoðun

greinar@frettabladid.is

Flokksaginn og sannfæring þingmanna:

Hver vill hvað í Evrópumálum?

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Erfitt getur verið að átta sig á því hver vill hvað í þinginu. Þetta á svo sannarlega við í umræðum um aðildarumsókn að Evrópusambandinu.

Stefna Samfylkingarinnar í Evrópumálum er ljós og hefur lengi verið. Jafnljóst er að skoðanir eru skiptar í Sjálfstæðisflokki, Framsóknarflokki og Vinstrihreyfingunni grænu framboði, jafnvel í Borgarahreyfingunni sem virtist samstíga í aðdraganda kosninga um að ganga til aðildarviðræðna.

Þegar ríkisstjórnin var mynduð var ljóst að ekki ríkti einhugur um Evrópusambandsmálið milli stjórnarflokkanna. Vinstrihreyfingin grænt framboð gekk þó til samstarfs við Samfylkinguna um norræna velferðarstjórn og kyngdi þeim bita að stjórnin hefði afdráttarlaust á verkefnaskrá sinni að gengið skyldi til viðræðna um aðild að Evrópusambandinu.

Þeir menn sem nú gegna formennsku bæði í Sjálfstæðisflokki og Framsóknarflokki lýstu því yfir í vetur sem leið að þeir teldu hagsmunum þjóðarinnar betur borgið innan Evrópusambandsins en utan þess. Varaformaður Sjálfstæðisflokksins hefur verið enn skýrari í þeirri afstöðu sinni. Afstaða formanns Sjálfstæðisflokksins lagaði sig svo að samþykkt landsfundar, þess sama og kaus hann til formanns og þeirri línu hefur hann fylgt síðan.

Svo virðist sem skoðun forráðamanna Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks á því hvort Íslendingum sé betur borgið innan eða utan Evrópusambandsins skipti þau minna máli en viðleitnin til þess annars vegar að vera Þrándur í Götu ríkisstjórnarinnar og hins vegar að leitast við að sætta sjónarmið innan flokka sinna. Þarna verður að segjast að heldur minni hagsmunir og lægri hvatir víki fyrir því sem raunverulegu máli skiptir.

Breytingartillaga stjórnarandstöðuflokkanna, um þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort farið skuli í aðildarviðræður eða ekki, er vesöl og til þess eins fallin að tefja málið. Vissulega er gott og gilt að leggja stórmál í dóm þjóðarinnar. Hins vegar er erfitt að leggja það sem ekkert er í þann dóm.

Ríkisstjórnin lagði upp með það markmið að leggja inn umsókn um aðild að Evrópusambandinu. Svo virðist sem meirihluti sé fyrir tillögunni í þinginu og ef hver einasti þingmaður greiddi atkvæði um tillögu meirihluta utanríkismálanefndar er einsýnt að meirihlutinn væri verulegur.

Vinstri grænum hefur verið legið á hálsi fyrir að beita þingmann sinn ofríki, ekki síst af forráðamönnum Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er formaður Framsóknarflokksins þó ekki par ánægður með að að minnsta kosti þrír úr þingflokki hans ætli að greiða atkvæði gegn flokkslínunni, í samræmi við sannfæringu sína. Formanni Sjálfstæðisflokks tekst betur með flokksagann því þar verða líklega sýnu færri þingmenn, ef nokkrir, sem fylgja sannfæringu sinni í atkvæðagreiðslunni um aðildarumsóknina. Þar fylgja menn spakir formanni sínum sem leggur línurnar um að hagsmunir þjóðarinnar víki fyrir hagsmunum flokksins.

Það liggur sem sagt ljóst fyrir hvar flokksaginn er mestur.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Óháði sérfræðingurinn

Í gær ræddu Freyr Eyjólfsson og Lára Ómarsdóttir við stjórnmálafræðinginn Baldur Þórhallsson í morgunþætti sínum. Málefnið hefur Baldur áður tjáð sig um, en rætt var um aðild að Evrópusambandinu. Fókus viðræðnanna var fyrst mismunandi áherslur stjórnarflokkanna um málið og hvaða áhrif þær hefðu á ríkisstjórnarsamstarf; hver þyrfti að gefa hvað eftir.

Á einhverjum tímapunkti í viðræðunum hefði mátt koma fram að Baldur er varaþingmaður annars stjórnar-flokksins, en hvorki óháða sérfræðingnum né fréttamönnunum tveimur þótti ástæða til að draga þá staðreynd fram í dagsljósið.

Færði peningana

Davíð Oddsson upplýsti á Skjá-Einum á mánudag að hann hefði tapað 3 til 4 milljónum króna í Landsbankanum. Eins og frægt var orðið fór Davíð í Kaupþing í fylgd blaðamanna og tók alla peninga síðan þaðan út og færði í annan banka. Líklegast Landsbankann.

Úpps!

Í því ljósi er athyglisvert að skoða mismunandi ávöxtun bankanna. Miðað við aldur og fyrri störf er líklegt að Davíð hafi verið í leið 4 hjá Íslenska lífeyrissjóðnum hjá Landsbankanum, sem skilaði 19,8 prósenta neikvæðri ávöxtun - tapi sem sagt.

Hefði Davíð hins vegar haft lífeyrissparnað sinn hjá Kaupþingi hefði það verið vistað hjá Frjálsa lífeyrissjóðnum. Sambærileg leið þar hefði skilað honum 24 prósenta ávöxtun. Hafi Davíð tapað 4 milljónum má reikna með að hann hafi átt 20 milljónir í ársbyrjun 2008. Hefði hann haldið sig hjá Kaupþingi hefðu 4,8 milljónir bæst í sjóðinn. Andúð hans á Kaupþingi kallaði því á 9 milljóna sveiflu.

kolbeinn@frettabladid.is

Prófskírteini

EINAR MÁR JÓNSSON

Í DAG | Háskólar í Frakklandi

Eftir næstum fimm mánaða verkföll í frönskum háskólum til að mótmæla fyrirætlunum stjórnarinnar í málum þeirra hófst kennsla aftur í byrjun júní; reyndar þurfti sums staðar að senda til þess lögreglu á vettvang og láta hana bera verkfallsmenn á braut í fanginu. En þá var ekki eftir nema mánuður af skólaárinu; því var sums staðar ákveðið að láta prófin fara fram síðast í júní – sem er mun seinna en venjulega – en annars staðar sáu menn ekki annan kost en að bíða með þau fram í september. Þeir sem skrifuðu um þessi mál í blöð og tímarit voru svartsýnir mjög og töldu að hætta væri á að prófskírteini sem fengjust við slíkar aðstæður yrðu ekki mikils virði, og þekktur skopteiknari tók undir með þeim: hann teiknaði stúdenta sem veifuðu mótmælaspjöldum í janúar, febrúar, mars, apríl og maí og svo skírteininu í júní. En þetta er tæpast nein nýlunda, með stanslausu lagahringli í málefnum háskólanna, sem jafnan er kallað „umbætur“, hafa stjórnvöld torveldað raunverulegt starf þeirra á marga lund og dregið að sama skapi úr gildi þeirra prófa sem þar eru tekin. Tilgangur þeirra er að hafa háskólana sem ódýra geymslustaði fyrir ungt fólk svo það fari ekki á skrár yfir atvinnuleysingja, hrúga þangað sem flestum og sem lengst.

Þó eru enn þeir staðir á heimskringlunni þar sem prófskírteini úr frönskum háskólum eru gulls ígildi, og á öld frjálshyggjunnar hafa menn að sjálfsögðu kunnað að notfæra sér það. Fyrir nokkru var þannig stofnuð deild úr Sorbonne í Abúdabí þar sem afkvæmi olíufursta gætu stundað nám gegn ærnu gjaldi og var því mjög hælt hve vel væri þar að öllu búið, t.d. var tekið fram að ekki væri nema takmarkaður fjöldi nemenda í hverjum tíma. En ef ekki eru fleiri en það í tíma í hinum upprunalega Sorbonne í París er eins líklegt að sá tími verði lagður niður, segja mér kunnugir menn. Svo fylgdi það með í fréttunum að tekjurnar af Sorbonne olíufurstanna ættu að koma Parísarháskóla til góða, en það segja mér einnig kunnugir, að ekki hafi þar enn sést ein sentíma af þeim peningum, þeir fara sjálfsagt eitthvað annað.

En það er víðar en við Persaflóa að prófskírteini úr frönskum háskólum eru mikils virði; Kínverjar sækjast mjög eftir þeim. Það hefur að vísu ekki enn komið til tals að stofna einhvern Svartaskóla við Gula fljótið, en kínverskir stúdentar koma gjarnan til Frakklands, og í einum háskóla að minnsta kosti, í Toulon á frönsku Rivierunni, hafa þeir fengið sérlega góðar viðtökur. Nú er sem sé hafin lögreglurannsókn í málum einnar háskólastofnunar sem annast kennslu í „stjórnun fyrirtækja“ og leikur sterkur grunur á að þar hafi prófgráður verið seldar kínverskum stúdentum gegn ríflegu gjaldi síðan 2004. Gerð var húsleit í skrifstofum stofnunarinnar í vor og hafði lögregla á brott með sér tíu pappakassa fulla af prófblöðum Kínverjanna. Á nú að rannsaka hvort einkunnagjöfin sé í samræmi við innihaldið.

Svo er að sjá að málið sé flókið og háttsettir menn í skólanum kunni að vera flæktir í það. Stundum virðist svo sem um einstaklingsframtak að ræða. Þannig sagði einn af heimildarmönnum blaðsins „Le Monde“ að kínverskur stúdent hefði selt þrjú hundruð löndum sínum fölsk prófskírteini árið 2008 og hefði hvert skírteini farið á 2700 evrur, en verðið hafi þó verið breytilegt. Það fylgdi með að þessi arðbæra verslun hefði sífellt verið að aukast, en í þessu máli var ekkert getið um hvort einhverjir hefðu verið í vitorði með stúdentinum í stjórn háskólans sjálfs, sem verður þó að teljast sennilegt. Í öðrum málum berast böndin hærra. Grunurinn vaknaði fyrst, þegar einhver tók eftir því að kínverskir stúdentar áttu undarlega auðvelt með að ná prófum: í meistaraprófi í stjórnunarfræðum náðu til dæmis allir kínversku kandídatarnir en meðaltal annarra sem standast slík próf var á milli sextíu og sjötíu af hundraði. Á þessu skólaári tók háskólinn í Toulon á móti hundrað kínverskum stúdentum, og voru þó um það bil 650 Kínverjar fyrir. „Fæstir þeirra geta talað frönsku,“ sagði einn af heimildarmönnum „Le Monde“. Annar sagði að þeir kæmu sjaldan í tíma og létu eins og þeir væru öruggir um að fá sínar prófgráður, - þeir væru því kallaðir „túrhestarnir“. Til að þessi verslun geti farið fram þurfa einhverjir prófdómarar að vera með í spilinu og vafalaust enn fleiri. Lögreglurannsókn heldur áfram, en hætt er við að hún verði torveld, því forseti háskólans er að sögn áberandi í stjórnmálalífi borgarinnar. Og til hvers ættu menn að bregða fæti fyrir frjálsa verslun? Kannske eiga franskir háskólar eftir að bjargast í Abúdabí og Kína.

Kaup og sala á orkufyrirtækjum

UMRÆÐAN

Sigrún Elsa Smáradóttir svarar grein Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar.

SIGRÚN ELSA SMÁRADÓTTIR

Í ríkisstjórnartíð Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, seldi ríkið hlut sinn í Hitaveitu Suðurnesja með þeim skilyrðum að opinberir aðilar eða fyrirtæki í opinberri eigu mættu ekki kaupa hlutinn. Þannig hófst einkavæðingarferli í orkugeiranum án þess að fyrir væri tryggt eignarhald opinberra aðila á auðlindum. Í kjölfarið fóru sveitarfélög sem áttu hlut í HS að losa hlut sinn í félaginu. Fulltrúar Samfylkingar samþykktu kaup Orkuveitunnar á hlutum HS á þeim forsendum að mikilvægt væri að tryggja eignarhald opinberra aðila á orkuauðlindum og tryggja samfélagslega hagsmuni. Fulltrúar Samfylkingarinnar hafa sett sömu fyrirvara um sölu á hlut OR í HS og að þessi atriði séu tryggð. Það breytir því ekki þegar verðið sem greitt var fyrir 16,6% hlut í HS er borið saman við verðið sem ríkið greiddi Reykjavíkurborg fyrir 44,5% hlut í Landsvirkjun um svipað leyti, í borgarstjóratíð Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar, þá er samanburðurinn mjög óhagstæður fyrir borgina. Fyrir hlutinn í HS voru greiddir 8,7 milljarðar og hlutur í Landsvirkjun er aðeins seldur á 26,9 milljarða. Þrátt fyrir að Landsvirkjun sé margfalt stærra fyriræki. Enda var verðið sem fékkst fyrir hlutinn í Landsvirkjun gagnrýnt harðlega af hálfu fulltrúa Samfylkingar í borgarstjórn auk annarra þátta sölusamningsins, enda greiddu fulltrúar Samfylkingar atkvæði gegn honum. Samkvæmt sölusamningnum er borgin ennþá í ábyrgðum fyrir 44,5% af skuldum Landsvirkjunar sem stofnað var til fyrir 1.janúar 2007, en stofnað var til meginþorra skuldanna fyrir þann tíma.

Andvaraleysi Sjálfstæðismanna fyrir hagsmunum borgarinnar virðist ekki minna nú, en í tíð Vilhjálms sem borgarstjóra, því hlutur Reykjavíkurborgar í því ábyrgðargjaldi sem Landsvirkjun þó greiðir virðist allt of lítill. Samkvæmt ársreikningi Reykjavíkurborgar 2008 fékk borgin greiddar 208 milljónir króna í ábyrgðargjald vegna ábyrgða á lánum Landsvirkjunar. Samkvæmt ársreikningi Landsvirkjunar greiðir fyrirtækið um 845 milljónir í ábyrgðargjald vegna lána sinna. Þannig virðist hlutur Reykjavíkurborgar í ábyrgðargjaldsgreiðslunum vera innan við fjórðungur meðan hlutfallsleg ábyrgð borgarinnar er mun meiri. Ætlar meirihlutinn að sætta sig við þetta, bæði að láta snuða sig við söluna á hlutnum í Landsvirkjun og nú um eðlilegt ábyrgðargjald á skuldunum sem borgin situr ennþá uppi með ábyrgðir á?

Höfundur er borgarfulltrúi Samfylkingar. Lengri útgáfa birtist á vísi.is

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
MENNING: Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

KÓNGSBRÚ yfir Brúará hefur verið endurbyggð af Ferðafélagi Íslands. Nýja brúin er hin veglegasta og er göngubrú yfir Brúará þar sem Kóngsvegurinn liggur í landi Efstadals og Syðri Reykja, um 10 kílómetrum neðan við Brúarárskörð. Fjölmargar skemmtilegar gönguleiðir eru á svæðinu. www.fi.is



Sölufulltrúar **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447

Dúnmjúkar
BRÚÐARGJAFIR

Gefðu íslenska hönnun

Sængurfatnaðurinn hjá Lin Design er ofinn úr bómullardamask og er því mjúkur, vandaður og sérstaklega fallegur. Yfir 30 tegundir af íslenskum sængurfatnaði til brúðargjafa.

Lin DESIGN
Laugavegi 176
Sími 533 2220
www.lindesign.is

Fyrir bústaðinn og heimilið

Opið: má-fö. 12-18, lokað á laugardögum í sumar
Dalvegi 16a,
Rauðu múrsteinshúsunum
Kóp. 201 - S: 517 7727
www.nora.is

Nóra

Hringdu í síma 512 50 60 ef blaðið berst ekki

Kristín vann einstaklingskeppni í maraþonklifri um síðustu helgi í Hnappavallahömrum enda er hún eins og fluga utan í klettunum.“ MYND/SIGURÐUR MAGNI

Maraþonklifur og ball undir háum hömrum

Áherslur fólks eru ólíkar á ferðalögum um Ísland. Sumir róa á kajökum og aðrir komast í beina snertingu við náttúruna með því að klifra í klettum. Kristín Martha Hákonardóttir er ein þeirra síðastnefndu.

Kristín er stödd á Hnappavöllum í Öræfum þegar í hana næst og er þar við sína uppáhaldsiðju að vega sig upp voldugt hamrastál. Kveðst hafa nýlokið við að taka þátt í maraþonklifri. „Við vorum hér 90 saman og þar af kepptu 25 manns á aldrinum 10 til 45 ára. Þetta var bæði einstaklings - og liðakeppni og notað forgjafarkerfi svipað og í golfi. Því áttu allir þátttakendur möguleika á að vinna,“ lýsir hún.

Þegar Kristín er innt eftir eigin frammistöðu kemur í ljós að hún vann einstaklingskeppnina. „Ég endaði með að vera stigahæst og var mjög ánægð, enda lagði ég mig alla fram,“ segir hún glaðlega. „Liðið sem sigraði kallaði sig 1993 og þar var vísað í fæðingarár allra þátttakendanna. Þeir klifruðu allar leiðir sem voru boltaðar 1993 og luku við þá síðustu klukkan þrjú um nóttina. Þetta var sem sagt sólarhringskeppni sem byrjaði klukkan hálftíu um morgun og þeir sem voru lengst að klifruðu til þrjú. Aðrir vöknuðu snemma og klifruðu frá sex til hálftíu. Einn lagði að baki samtals 435 lengdarmetra,“ lýsir hún.

Kristín segir hópinn hafa tjaldað í svokölluðu Miðskjóli. Þar hafi verið skellt upp sameiginlegum máltíðum, morgunmat, hressingu um miðjan dag og kvöldkakói. „Miðskjól er útisamkomusvæði Öræfinga þannig að auk þeirra 90 sem voru í kringum klifrið þá var þar líka sveitaball en það spillti ekkert fyrir því allt fór svo vel fram. Það hefur greinilega verið líflegt undir Hnappavallahömrunum þessa helgi og Kristín var ánægð með veðrið. „Það kom sólar-glæta þegar við buðum upp á ís, annars var skýjað og smá gola en þetta var fullkominn hiti fyrir klifrið, ekki of mikil sól því þá hættir manni frekar til að skrika.“

gun@frettabladid.is

SKILAGJALD ÖKUTÆKIS sem afhent er til móttökustöðvar til endurnýtingar eða endanlegrar förgunar er 15 þúsund krónur. www.urvinnslusjodur.is

Bílaleigubílar Sumarhús í Danmörku

Ódýrari bílaleigubílar fyrir Íslendinga.

Frá dkr. 2500,- vikan

Innifalfið í verði;
ótakmarkaður akstur, allar tryggingar, engin sjálfsábyrgð.
(Afgr.gjöld á flugvöllum).
Ekkert aukagjald fyrir aukabílstjóra sé það gert við pöntun.
Höfum allar stærðir bíla, allt að 9 manna.

DanCenter

Sumarhús
Útvegum sumarhús í Danmörku af öllum stærðum

Danland

Fjölskylduvæn orlofshverfi

Fjölbreyttar upplýsingar á www.fylkir.is

FYLKIR.IS
FERÐASKRIFSTOFA
— Bestir í Danmörku

Sími 456 3795 - 896 3745

Flóttafólk veitti innblástur í bók

Hellulagðar götur og torg Damaskus í Sýrlandi hrifu Sigríði Víðis Jónsdóttur blaðamann. Einnig matarmenningin og margt fleira. Hún dvaldi þar í þrjá mánuði í vor eftir heimsókn í flóttamannabúðir í Írak. Skrapp líka þaðan til nágrannalandanna Líbanon og Jórdaníu.

„Í Sýrlandi eru margir áhugaverðir staðir fyrir ferðamenn og sagan er við hvert fótmál. Ég get nefnt æðislegan markað í borginni Aleppo og rómverska hringleikahúsið í Basra," segir Sigríður Víðis og bætir við að í Sýrlandi sé öruggt að dvelja og heimamenn séu almennt gestrisnir og vinalegir.

„Í Damaskus, sem er meðal elstu borga í heimi, er eitthvað um að vera á hverju götuhorni en samt lítið áreiti," segir hún og heldur áfram dreymin. „Uppáhaldið mitt var að fara í göngutúr um gömlu borgina í Damaskus og koma við á stóra markaðnum Souk El-Hamidiyeh sem er heill heimur út af fyrir sig. Setjast síðan á torgið við Umayyad-moskuna og fylgjast með mannlífinu og fara þaðan á eitthvert af milljón kaffihúsunum eða á veitingastað því matargerðin í Sýrlandi er einstök. Oftast eru veitingastaðirnir í fallegum, eldgömlum húsum þar sem setið er undir berum himni í garði í miðju húsinu. Ótrúlega sjarmerandi."

Þessi lýsing hljómar sannarlega vel. Erindi Sigríðar til Mið-Austurlanda var þó ekki bara að njóta lífsins lystisemda heldur líka að kynna sér bakgrunn þeirra einstæðu mæðra sem komu sem flóttamenn með börn sín frá Írak til Akraness á síðasta ári. Því efni ætlar hún að gera skil í bók.

„Ég sjálf er af Skaganum en hef lengi haft áhuga á málefnum Palestínu og Ísrael, auk þess sem mastersritgerðin mín var um Írak. Allt í einu voru komnar konur til Íslands sem tengja allt þetta saman. Foreldrar þeirra flúðu til Írak frá Palestínu þegar Ísraelsríki var stofnað og þær sjálfar þurftu síðan að flýja Írak."

Sigríður segir það ekki hafa verið auðsótt mál að komast inn í flóttamannabúðirnar í Írak og fá blaðamannaáritun til Sýrlands en þó hafi það tekist með aðstoð flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna og hjálplegra starfsmanna utanríkisráðuneytisins. Hún er tekin til við skriftirnar og stefnir á að fara í haust til Palestínu og aftur til Íraks. Sigríður er alvön að ferðast og kveðst oftast fara ein af stað frá Íslandi. „Ég hef komist í kynni við margt skemmtilegt fólk á mínu flakki," segir hún. „Bæði heimafólk og ferðamenn."

gun@frettabladid.is

Sigríður dvaldi þrjá mánuði í Sýrlandi í vor og skrapp þaðan til nágrannalandanna Líbanon og Jórdaníu. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Í Maloula, litlum bæ í Sýrlandi státar fólk sig af því að geta enn talað sama mál og Jesús Kristur.

Á markaði í Damaskus þar sem ólívurnar eru ómótstæðilegar.

Kynning

Útivist og kvöldvökur í Kerlingarfjöllum að nýju

Kerlingarfjöll eru einstök náttúruperla sem margir Íslendingar eiga eftir að uppgötva. Þar eru víðfeðm útivistarsvæði fyrir göngufólk, hestamenn, fjallahjólamenn, jeppafólk, mótorhjólafólk og fleiri. Aðstæður á svæðinu eru þannig að allir þessir hópar geta stundað útivist á sinn hátt án þess að trufla hver annan.

Í Kerlingarfjöllum var rekinn skíðaskóli í áratugi en vegna minnkandi snjóalaga lagðist það af fyrir aldamót. Byggingarnar eru þó enn á svæðinu og þær eru nú nýttar fyrir gistingu og veitingasölu. Margt á svæðinu minnir enn á gamla skíðaskólann og má þar nefna kvöldvökurnar frægu sem þar voru haldnar. Húsakosturinn hefur verið endurbyggður mikið á síðustu árum og breytt þannig að möguleikar eru á gistingu í sérbýli og tveggja manna herbergjum með vönduðum rúmum og salerni. Einnig er hægt að fá svefnpokapláss, tjalda eða koma með gistivagna. Veitingasala er í gamla skíðaskólanum og ferðalangar geta því dvalið á svæðinu án þess að taka með sér annað en útivistarbúnað.

Hestagerði er á staðnum og hægt er að kaupa hey, enda eru fjöllin vinsæll áningarstaður hestamanna. Við breytingarnar hefur þess verið vandlega gætt að halda hlýlegu yfirbragðinu í litla gróðursæla dalnum þar sem aðstaðan er. Ein af elstu vatnsaflsvirkjunum landsins sér staðnum fyrir rafmagni og um þessar mundir er verið að gangsetja hana eftir miklar endurbætur í sumar. Vegurinn frá Kjalvegi að Kerlingarfjöllum hefur verið lagaður mikið í vor og nú er orðið fólksbílafært í fjöllin og auðvelt að fara þangað með tjaldvagna og fellihýsi. Einstaka hjólhýsi sést orðið líka. Afleggjarinn er ekki nema níu kílómetrar og því tilvalið fyrir ferðalanga um Kjöl að skella sér í kaffisopa. Þó að leiðin sé stutt er hún bæði fjölbreytt og margir fallegir staðir á leiðinni, til dæmis Gýgjarfoss í Jökulfallinu.

Oft er lagið tekið á tjaldstæðinu í fjöllunum. Nú er orðið fólksbílafært þangað og auðvelt að komast með tjaldvagna og fellihýsi.

Fjölmargar merktar gönguleiðir við allra hæfi eru um Kerlingarfjöllin, allt frá 30 mínútna leið í heitu laugina upp með Ásgarðsá upp í heilar dagleiðir upp í efri hverasvæðin og á fjallstoppana. Vegur liggur upp á gamla skíðasvæðið og í Hveradali og frábært er að fá sér bíltúr þangað upp, ganga um og njóta stórkostlegs útsýnis.

Greinilegar vegaslóðir liggja umhverfis Kerlingarfjöllin og þær eru færar seinni hluta sumars fyrir alla jeppa. Hringurinn er heil dagleið og mjög fjölbreyttur með hæfilegu vatnasulli og brekkum. Greinilegar og fjölfarnar slóðir tryggja að hægt er að ferðast um allt svæðið án landsspjalla, bæði styttri og lengri leiðir. Þessi fjölbreytni gefur skemmtilega möguleika fyrir fólk með ólík áhugamál að dvelja saman nokkra daga í fjöllunum, stunda sína útivist á daginn og hittast saman á kvöldin, nokkuð sem starfsmannafélög nýta sér í auknum mæli. Sérstakar helgarferðir með hópa hafa notið vinsælda. Í vor fór stór hópur kvenna og stundaði jóga í bland við útivist og fyrirhugað er að hafa sérstakar helgar í lok ágúst og byrjun september fyrir jeppafólk og vélhjólafólk. Þá verður leiðsögn í ferðum á daginn og kvöldvökur á kvöldin, tilvalið fyrir fjölskyldur. Þeir sem vilja skoða svæðið betur á netinu geta kíkt á www.kerlingarfjoll.is.

ALLT NÁM

beint frá býli

MIÐVIKUDAGUR 15. JÚLÍ 2009

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hlaupastíls námskeið

Vilt þú...

Smart motion hlaupastíll

- Læra að hlaupa á léttari máta?
- Hlaupa með minna álagi á fætur, liðamót og mjóbak?
- Hlaupastíl með minni líkum á meiðslum?
- Bæta hlaupatíma þína án meira álags?
- Hlaupa þig í þína kjörþyngd og halda kjörþyngdinni með hlaupum
- Hlaupa og bæta heilsu þína, þol og þrek?

Skráning á
www.smartmotion.org
og hjá Smára í síma
896 2300

Rakel og Arnar með börnin sín þrjú við hinn væntanlega bændamarkað Frú Laugu sem verður opnaður í byrjun ágúst. Börnin heita Halldór Egill, Áslaug Birna og Gréta. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Góðar afurðir af gnægtaborði landsbyggðarinnar

Frú Lauga er nafn á markaði með íslenskar matvörur sem Rakel Halldórsdóttir og Arnar Bjarnason opna bráðlega á Laugalæk 8 í Reykjavík.

„Okkur finnst mikilvægt að nýta hinar góðu afurðir landsins sem gnægð er af," segir Rakel. Þó þau hjón séu Reykvíkingar eiga þau rætur á landsbyggðinni og Rakel segir hugmyndina um bændamarkað nokkurra ára gamla.

„Við bjuggum erlendis um tíma, fyrst í Boston og svo á Ítalíu og á báðum stöðum kynntumst við skemmtilegum matarmörkuðum. Eftir að við fluttum heim vorum við alltaf að spekúlera í hvort grundvöllur væri fyrir svoleiðis hér en fundum ekki flöt á því. Eftir hrunið eru aðstæður orðnar aðrar og við fáum hvarvetna góð viðbrögð við hugmyndinni, enda ætlum við að leggja áherslu á upplýsingar um hvaðan matvælin eru og hvernig þau eru unnin. Við kaupum vörurnar og bændur þurfa ekki að koma sjálfir á staðinn nema öðru hverju með kynningar. Svo verður árstíðabundin vara á boðstólum, egg á vorin, ber á haustin, broddmjólk á veturna. Það eykur á spennuna kringum búðina."

Rakel og Arnar eru nýkomin úr hringferð um landið. Þar hittu þau bændur og fleiri framleiðendur matvæla og eru hrifin af mörgu því sem fyrir augu og bragðlauka bar. Þau nefna ís á Erpsstöðum í Dölum og Árbæ í Hornafirði, bláskel í Hrísey og bleikju á Hala í Suðursveit. „Það er gróska í matvælaframleiðslu á landsbyggðinni enda möguleikarnir óþrjótandi. Margir bændur eru með miklar hugsjónir og eru búnir að byggja upp spennandi hluti. Þeir eru líka ánægðir að koma vörum sínum á framfæri í Reykjavík."

- gun

Gæðamerki tekið upp

Gæðamerki félagsins Beint frá býli verður tekið upp með haustinu en Árni Snæbjörnsson, verkefnastjóri Beint frá býli, ferðast nú um sveitir landsins og heimsækir meðlimi, skráir upplýsingar um þá, kynnir gæðamerkið og heyrir í þeim hljóðið.

„Beint frá býli á gæðamerkið og eingöngu félagsmenn fá að nota það. Merkið er bundið því að félagsmenn sæki um, greiði fyrir og hafi öll tilskilin starfsleyfi samkvæmt gildandi lögum ásamt því að ásýnd og aðkoma að býlinu sé góð," segir Árni, sem heimsótt hefur mörg þeirra 71 býlis sem aðild á að Beint frá býli.

Aðspurður segir Árni að merkið hindri ekki aðra í að selja vörur beint frá býli sínu. „Það er engin skylda að nota gæðamerkið en það er góður valkostur fyrir félagsmenn til að vekja athygli á sérstöðu sinni. Merkið á að vera þannig að þegar fólk sér það veit það að varan er framleidd á býli og að Beint frá býli hefur samþykkt þá sem það nota og er einkennismerki fyrir þær vörur."

Árni Snæbjörnsson segir að gæðamerkið hafi fengið góðar viðtökur á þeim bæjum sem hann hefur heimsótt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Árni segir að með tíð og tíma sé ætlunin að merkið vinni sig í sessi. „Framleiðandinn og neytandinn munu sjá ávinning af því að gæðamerkið sé til staðar. Merkið verður tákn um uppruna, tengsl við náttúru og búskap, matarhefðir og oft á tíðum öðruvísi vörur."

- mmf

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

Vöruhönnun leiðir til verðmætasköpunar

Verkefnið Stefnumót hönnuða og bænda þykir hafa lukkast vel og er von á fleiri spennandi afurðum á næstunni.

Guðfinna og Brynhildur kenna kúrsinn Stefnumót hönnuða og bænda við LHÍ í sjö vikur. Eftir hann tekur við vinna með sérfræðingum frá Matís, Innovit og landsliðskokkum að útvöldum verkefnum úr áfanganum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

„Það er ýmislegt á dagskrá. Næst er það skyrkonfekt, sem rjómabúið Erpsstaðir, hönnuðir útskrifaðir úr vöruhönnunardeild Listaháskólans og fleiri vinna að í sameiningu svo úr verði vörulína sem á svo hugsanlega eftir að stækka,“ segir Brynhildur Pálsdóttur hönnuður um nýjasta afsprengi verkefnisins Stefnumót hönnuða og bænda.

Í verkefninu, sem var sett á laggirnar árið 2007, eru tvær starfsstéttir leiddar saman, bændur og hönnuðir, með það fyrir augum að hanna og þróa vörulínu í kringum matvæli. Um frumkvöðlastarf er að ræða þar sem ekkert bendir til þess að það eigi sér hliðstæðu á Norður-löndunum né að áður hafi verið farið í slíka vinnu hérlendis. „Þetta er gert til að skapa efnahagslegan ávinning og styrkja stöðu íslensks landbúnaðar, hönnuða og annarra sem að þessu verkefni koma,“ útskýrir Brynhildur.

Frá því að verkefnið hófst hefur samstarfið getið af sér vörur sem þykja hafa heppnast vel. „Síðasta sumar litu sláturkakan og rabarbarakaramellan dagsins ljós. Í seinna tilvikinu var grunnur lagður að heilli vörulínu og unnið með útlit vörunnar og ímynd. Þannig gátu til að mynda bændurnir á Löngumýri, sem tóku þátt í gerð karamellunnar, sjálfir bætt við tveimur sultum í sína vörulínu, sem var kölluð Rabarbia. Þeir geta síðan haldið áfram að bæta við í línuna að eigin vild og þannig aukið verðmætasköpun. Þannig er alltaf verið að skapa frekari efnahagslegan ávinning.“

Verkefnin eru afsprengi af kúrsi sem Brynhildur og Guðfinna Mjöll Magnúsdóttir hafa kennt við vöruhönnunardeild LHÍ frá árinu 2007. Hlé var hins vegar gert á kennslu síðasta vetur. „Við ákváðum að færa kennsluna yfir á þriðja árið, gefa okkur meiri tíma í þetta til þróa vörur af síðasta námskeiði en hefjum aftur rannsóknarvinnu nú í ágúst, þar sem tekin verða upp verkefni sem komu út úr fyrsta rennsli áfangans,“ segir Brynhildur og bætir við að sjálfsagt eigi margt spennandi eftir að koma út úr þeirri vinnu.

- rve

Fréttablaðið stendur upp úr

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup ótvírætt sýnir. Við erum auðvitað rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskot okkar þegar þeir velja auglýsingamiðil.

Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18-49 ára. Könnun Capacent í febrúar 2009 – apríl 2009.

Hringdu í síma 512 50 60 ef blaðið berst ekki

Lömbin fá að dvelja í eyjum á Breiðafirði í nokkrar vikur þar sem þau gæða sér á safaríkri hvönninni. MYND/ÚR EINKASAFNI

Lömbin ræktuð með hvannarbragði

„Hvannarlamb er venjulegt lamb sem ég el á hvönn í nokkrar vikur fyrir slátrun,“ segir Halla Sigríður Steinólfsdóttir, á Ytri-Fagradal í Búðardal, sem ræktar sérstök hvannarlömb og selur beint frá býli.

Halla segir skepnur almennt sólgnar í hvönn. Jurtin sé bragðsterk og því fari keimur af henni út í kjötið. „Þetta hefur verið sannað með prófunum frá Matís en þar voru gerð bragðpróf, skynmatspróf og svokölluð gaspróf,“ útskýrir Halla.

Hugmyndin að þessari sérstöku ræktun vaknaði hjá Höllu þegar hún vann sem kjötmatsmaður í sláturhúsi. „Þá komu þangað lömb sem höfðu verið úti í eyjunum og þeim fylgdi sterk lykt af hvönn,“ segir Halla og í framhaldi af því langaði hana að sanna að hvannarbragðið yrði eftir í kjötinu.

Engin hvönn er í kringum Ytri-Fagradal. „Ég er með um sex hundruð fjár og þeim þykir hvönnin svo góð að hún kemst ekkert á legg þar sem kindurnar eru. Ég hef hins vegar aðgang að eyjum á Breiðafirði þar sem ég get sett nokkur lömb,“ segir Halla. Hún er hins vegar að rækta akur innan girðingar sem hún hugsar sér að beita næsta haust. „Þetta er svo dásamleg jurt að hún fer um eins og illgresi þegar búið er að hjálpa henni af stað,“ segir hún glettin.

Halla kveður lömbin bragðgóð og skemmtilegt sé að krydda þau með tilliti til hvannarbragðsins.

Þá segir hún eftirspurnina nokkra þrátt fyrir að verðið á slíku kjöti sé nokkuð hærra. Enn er aðeins hægt að kaupa kjötið beint frá býli Höllu. „Það eru nokkrir bitar eftir í kistunni,“ segir hún glettin og býður alla velkomna í Ytri-Fagradal.

- sg

Akur hefur hafið sölu á kryddgúrkum, sem eru niðursneiddar gúrkur í ediki.

Nýtni á Akri

„Núna vorum við að byrja að selja kryddgúrkur, sem eru niðursneiddar gúrkur í ediki með lauk.“ segir Þórður G. Halldórsson sem, ásamt konu sinni Karólínu Gunnarsdóttur, rekur Garðyrkjustöðina Akur. „Síðan erum við að búa til pastasósur úr tómötum.“

Á Akri eru búnar til pastasósur úr tómötum.

Þórður segir að á Akri sé lífræn ræktun í gróðurhúsum þar sem meðal annars eru ræktaðir tómatar, agúrkur og chilipipar, en hjónin hafa verið að frá árinu 1992. „Síðan erum við með heimavinnslu af því að við erum svo nýtin að í staðinn fyrir að henda grænmeti erum við að sjóða niður, mauka og búa til ýmislegt í krukkum.“

Vörur Akurs er hægt að nálgast í netversluninni www.graenihlekkurinn.is og á mörkuðum í sveitinni.

- mmf

Helga segir að einhverjum hafi fundist að nafnið á ísnum ætti að tengjast sveitinni. MYND/ÚR EINKASAFNI

Ísinn Kjaftæði

Ábúendur Erpsstaða í Dölum settu fyrir nokkru á markað rjómaís og með haustinu verður hafin framleiðsla á ostum. Ísinn er framleiddur með nokkrum bragðtegundum til dæmis súkkulaði, karamellu, piparmyntu, lakkrís, toffee og pistasíu.

Ísinn ber nafnið Kjaftæði en dóttir hjónanna á Erpsstöðum, þeirra Þorgríms Einars Guðbjartssonar og Helgu Elínborgar Guðmundsdóttur, stakk upp á því. „Það er hægt að leika sér með þetta orð. Mörgum finnst það sniðugt en öðrum ekki,“ segir Helga. „Við vorum búin að velta miklu fyrir okkur og þetta nafn hafði vinninginn að lokum.“

Þegar Helga er innt eftir því af hverju ákveðið hafi verið að fara af stað með heimaframleiðslu segir hún ástæðuna þá að nýtt fjós var tekið í notkun á síðasta ári. „Við vildum ekki byrja á þessu fyrr en kýrnar byggju við góðar aðstæður.“

Hægt er að nálgast ísinn beint frá býlinu um helgar í sumar frá 13 til 17.

- mmf

Saumar dúnsængur fyrir ferðalanga

Jónas Helgason, bóndi í Æðey í Ísafjarðardjúpi, hefur um áratugaskeið selt ferðamönnum heimagerðar dúnsængur. Ekki segir hann framleiðsluna umfangsmikla enda sé um aukabúgrein að ræða. „Þetta er nú bara svona heimilisiðnaður. Konan mín, Katrín Alexíusdóttir, saumar þetta. Mest er ég nú í að flytja ferðalanga á Strandirnar ásamt því að sinna öðru,“ segir hann.

Dúnsængurnar eru ekki seldar í verslunum og því aðeins fáanlegar á býlinu. „Menn verða því að gera sér ferð út í Æðey ætli þeir að verða sér úti um eintak,“ útskýrir hann og vonar að eftirspurnin aukist í sumar.

- rve

Í Æðey í Ísafjarðardjúpi er hægt að njóta náttúrunnar. Þeir sem vilja taka heim með sér minjagrip geta orðið sér úti um góða dúnsæng. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

BÍLAR & FARATÆKI

Mazda 3 T Plus 6/2006 ekinn 24þús. sjálfsk. fallegur bíll verð kr. 2.290.000.- ákvílandi lán kr. 1.582.000.-112 Rvk

Sími: 567 4949

www.bilahollin.is

Okkur vantar bíla á staðinn. Mikil og góð sala. Við leitum að rétta bílnum fyrir þig. Opið virka daga 10-18:30 Laugardaga 11-16. Ein elsta bílasalan. St.1974. Bílamarkaðurinn, Smiðjuvegi Kópavogi. S. 567 1800. www.bbv.is

Bílamarkaðurinn
Smiðjuvegi 46E, Kópavogi
Sími: 567 1800

TILBOÐ 5.980.000.-
RANGE ROVER SUPERCHARGED. Árg. 2006, ekinn 77 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 8.900.000.- Umboðsbíll, einn með öllu. Rnr.242028.. Til sýnis og sölu hjá Bílalíf, Kletthálsi 2, S:562-1717. Sjá fleiri myndir á www.bilalif.is

Bílalíf
Kletthals 2, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
Opið virka daga 10-18 laug. 12-16.
www.bilalif.is

Tilboðsdagar á vespum
verð aðeins frá 195.000 kr með skráningu. Full búð af frábærum og góðum Vespum sjáið fleiri tegundir á www.sportx.is / simi 897-6040

Sport-X
Draupnisgötu 7, 600 Akureyri
Sími: 5642323 / 8976040
Verslun og viðgerðaþjónusta á staðnum
www.sportx.is

Indriði Jónsson, löggiltur bifreiðasali, indridi@bilalind.is s: 580-8902 og 771-8900.

Þórður Daníel, söluráðgjafi thordur@bilalind.is s.580-8901.

PORSCHE CAYENNE TURBO MANSORY árg. 2009 er bara í logo, ekki til sölu ;) MUSTANG- og KRÚSER klúbbarnir koma í heimsókn í BÍLALIND á fimmtudag. Komdu og skoðaðu fallegustu bíla landsins á milli kl. 20 og 21, bílarúntur í framhaldinu. Kaffi, kleinur, gos og súkkulaði.

TOYOTA YARIS TERRA. 06/2006, ekinn 66 þ.km., diesel, 5 gírar. Verð 1.720.000. Rnr.280095.

SKODA OCTAVIA AMBIENTE COMBI. 11/2006, ekinn 62 þ.km, diesel, sjálfskiptur. Verð 2.600.000. 100% yfirtaka Rnr.191703.

NISSAN PATROL GR COMMON RAIL LE. Nýr bíll, diesel, sjálfskiptur, leður. Verð 6.890.000. Rnr.191716.

Bílalind
Funahöfði 1, 110 Reykjavík
Sími: 5808900
Vantar ferðavagna á skrá og staðinn (innisalur)!
http://www.bilalind.is

INFINITI QX56 4X4 56. Árgerð 2006, ekinn 34 þ.mílur, Sjálfskiptur. 8 manna, DVD ... EINN MEST ÚTBÚNI JEPPINN SEM VÖL ER Á... . Verð 6.950. þús Rnr.102082

RENAULT MEGANE SPORT RS-TURBO. Árgerð 2007, ekinn 26 þ.km, BENSÍN, 6 gírar. Listaverð er 3.6 millj. Verðtilboð 2.9 millj. Geggjaður bíll Rnr.126636

Höfðabílar
Fossháls 27, 110 Reykjavík
Sími: 577 4747
www.hofdabilar.is

Pit Bike 125cc Xmotos 2 litir Verð 180,000.- Tilboð 149.000.-

Dirt bike Xmotos 250cc 2 litir, stillanlegir demparar, framan og aftan upp side down verð 278,000.- Tilboð 249.000.-

Vespa Future 125cc 12" dekk 2 litir. Einstaklega falleg vespa. Verð aðeins 298,000.- með skráningu.

Aðeins nokkrar eftir !! Ótrúleg vespa Admiral 125 cc á 16" dekkjum sem gefur möguleika að keyra í möl. Ótrúlegur Kraftur. Til í 2 litum. Kassi fylgir með. Verð aðeins 358,000.- með skráningu.

Ítalskt hannaðar vespur 125cc Svartar og Hvítar verð 298,000.- áður: 335,000,.- með skráningu.

Vespur nýkomnar City Runner Ítalskt hannaðar 50cc svartar, rauðar, báar, svartar+ silfraðar breiðum 12" dekkjum þjófavörn ál plötur á gólfi. Kassi fylgir með. Verð aðeins 245,000.- með skráningu.

Mótorsport ehf
Síðumúla 34, 108 Reykjavík
Sími: 567 1040
Öll viðgerðarþjónusta á staðnum
www.motorogsport.is

COLEMAN MESA 12 FET Árg. 2003 Sólarsella, markísa, útisturta, ferðaklósett, ískápur, ofl Vantar allar gerðir fellihýsa á skrá og á staðinn.

Lykilbílar ehf
Smiðjuvöllum 7, 300 Akranes
Sími: 445 7700
www.bilasolur.is/lykilbilar

Bílar til sölu

Citroen c3 árg05,ek.38þús ,sjálsk,bakksk,hiti í sætum ofl. Fæst á yfirtöku á láni 1230þús upplýs S:6631601

Lincoln Limo Town Car 10 farþega Selst á 1250þús. ásett 1990þús. Ultra lengdur 124" í fínu ástandi ekinn 198 þús. selst á mjög góðu verði. Flottur bar Leðurklædd 2x topplúgur nýleg heilsársdekk V8 eyðir um 13-15 á hundraði gott tækifæri fyrir veitingastaði eða hótel eða S. 694 3883.

Tilboð. E500 árg. '05 til sölu ek. 53 þús. km. Ný dekk og ný yfirfarinn. 3,9 stgr. S. 696 1635.

Tilboð !!
Nissan Almera '99, ek. 178 þ.km. Kostar 570 þús., tilb. 299 þús. Einnig VW Golf '94, ek, 159 þ.km. 100 þús. Uppl. í s. 770 0053.

VW Polo 1200 árg. 2004 ekinn 68Þ. 5 dyra 5 gíra. Góður bíll. Verð 790þ. S. 898 2811.

TILBOÐ TILBOÐ 990.
Subaru Inpreza 4x4 2,0 árg. 2003 ekinn 105 þús. Sjálfskiptur. Einn eigandi. Góður bíll. Verð 1290þ. S. 898 2811.

Jeep Grand Cherokee 4,7 LTD árg. 2000 ekinn 148þús. km. Mikið endurnýjaður. Góður bíll. Verð 1190. S. 898 2811.

Toyota Hilux árg. '00 lengri gerðin í mjög góðu standi. S. 562 6066 & 892 8654.

Skoda Octavia Árg. '00. Silfur. Ek. 130þ. Álfelgur, CD. Uppl. s. 893 9777.

0-250 þús.

Til sölu nýjar KTM S/M gjarðir fyrir KTM og Husaberg - 150.000,- Ólafur 663 2508.

239.000- staðgreitt!!
Dewoo Lanos árg. 1999 ekinn 125 þ. km. 5 gíra spoiler spoilerkitt cd. 5 dyra skoðaður 2010 verð aðeins 239.000-stgr. uppl.í síma 861 7600.

Opel Astra F, 1996, Ný tímareim, keyrður 192k - í góðu standi - 200.000 kr.-

250-499 þús.

Corolla '98 sjálfsk. sk. til 07.10. Í toppstandi. Uppl: 8688088. Verð 380þús!

Subaru Legacy 2.0 4 wd 1998, 207 þ.km Skoðaður 2010. 350.000 kr Eliasorn@hotmail.com 858 2741

500-999 þús.

VW Polo 1400, '02, sjálfsk ek. 86 þkm, Skoðaður '10. Verð: 650 þús. Uppl. 842 3351

Bílar óskast

Þýskir bílar óskast til kaups!!
Óska eftir að kaupa gegn staðgreiðslu
þýska bíla árgerð 2005 og yngra
Mercedes Benz, Bmw, Audi og Porche
Hringdu núna og fáðu staðgreiðslutilboð!
Sverrir s 618-7001

Ég er að leita að bíl fyrir 17 ára dóttur mína, helst ssk. V.a.v skoðaður og lýta vel út. Greiðslug. 50-100 þ. út og 50 á mán í 3-4 mán. S. 867 0047 Dagný.

Kaupi bíla sem þarfnast viðgerðar fyrir ca 20-100 þús. stgr. sími 896 6744.

Bráðvantar heillegt body af Ford Bronco 1966-77. S:8450081

Óska eftir að leigja bíl á verðbilinu 0 - 80 þús. per. mánuð. Ýmislegt kemur til greina. Uppl. í s. 846 4030.

Óska eftir Toyota Carina 1600 árg.1997 sem má þarfnast lagfæringar. Verð 50 - 80 þús. Uppl. s. 840 5540.

Jeppar

250 þúsund
Til sölu ford Econoliner '88, 38" dekk, húsbíll. 4 kapteinsstólar og U-bekkur/rúm aftast, í ágætis standi. Fín dekk. S. 849 1722.

EBERSPACHER, vatns- og hitablásarar 12 & 24volt, diesel og bensín, Viðgerðar og varahlutaþjónusta. Stilling sími: 520 8000.

Fornbílar

Alvöru limo til sölu Cadillac 1958, 8 manna bíll ásett verð 1.5 milj. 898-6440

Sendibílar

Hópferðabílar



Ford E series Hóplúxusbíll selst á góðu verði 11-2004 verð aðeins 2990þ. Möguleiki á leigu Lúxinnréttaður 14 farþega árgerð 11/04 Ekinn 115þúsm. í toppstandi DVD LCD sjónvarp,Græjur,Baklýsingar sími 694 3883.

Vörubílar

Forþjöppur, varahlutir, viðgerðarþjónusta. Eigum á lager / getum útvegað flesta varahluti fyrir vörubíla og vinnuvélar. Stilling sími: 520 8000.

Húsbílar

Ford E350 árg 99 dísel ek216þús. Billinn er vel útbúinn. Verðh 1,540 Þús uppl. 6911360, 6982806

Til sölu Peugeot húsbíll árg. '86 ekinn 145 þkm.svefnpláss fyrir 5, uppl. í sima 869 5267.

Mótorhjól

KTM 450 EXC-R árg. 2008 Frábært götuskráð endurohjól, í toppstandi og lítur út eins og nýtt. Ásett verð 1.150 þús. tilboð 950 þús. s. 894 2400.

Til sölu Suzuki Hayabusa 2005 yoshimura púst og krómfelgur ekið 12300 km uppl í síma 6978627

Suzuki gsxr1000 06 til sölu ek.18þús áhv.1140þús. 100þús út upplýs. S:6631601

Harley Davidson Sportster Custom 883 árg. '05, ekið 1600km. verð 1,050,000 uppl.892 9216, 848 1515

Mótorhjólagrindur á bíla, passa á alla bíla með 50x50 prófílbeisli. Hægt að hengja kerru aftaní. Verð 60.000. Fást einungis hjá Stálbæ Smiðjuvegi 9a rauð gata s 564 3013 Stalbaer.is

Honda CB 650 costume árg. '81 til sölu. Uppl. í s. 699 4329.

Hjólhýsi

Goachman Catalina hjólhýsi árg. '98 til sölu. Tvær hásingar, ískápur m/frysti, WC/sturta, bakaraofn/vifta, miðstöð/hitavatnskútur, sjónvarpsloftnet/steríótæki, spennubreytir f. 220W/12 W, svefnpláss fyrir 5 manns. Engin skipti og ekkert áhvílandi. Verð kr. 1.480.000.00. Sími 892 4730.

Til sölu Polar 560 CTH, með fortjaldi. Ríkulegur staðalbúnaður og glæsilegur fylgihlutapakki. Uppl. í s. 864 1323.

Til sölu hjólhýsi með stæði í Þjórsárdal. Pallur. Uppl. í s. 847 6094.

Prestige 560 UKF, árg. '05. Kojuhús, markísa útskrúfanleg, sólarsella 150 w., 2 geymar, spennubreytir 12v-220v, fortjald Isabella Comadore Alpha. Verð 3.190 þús. Uppl. í s. 864 7612.

Fellihýsi

Fellihýsi óskast í skiptum fyrir fjórhjól
Er með Honda trx700xx sem er nánast ónotað nýskráð apríl 2009. vantar fellihýsi í skiptum fyrir það ef einhver hefur áhuga, nánari upplýsingar í síma. 893 9922.

Mjög vel með farið og vel viðhaldið Coleman cheyenne, árg. '99, 10 fet + tengdamömmubox, sólarsella og 220 nýr geymir og nýyfirfarið. Markísa, CD spilari, útvarp og fl. aukahlutir. Einn eigandi frá upphafi. V. 700 þ. Uppl. í S 899 6068.

Til sölu Coachmen Hunter 9 feta fellihýsi, árg. '99, vel með farið. Fortjald, svefntjöld, grjótgrind, gaskútur, miðstöð, kælibox, nýlegur rafgeymir. Uppl. í s. 660 8843.

Vinnuvélar

Tjaldvagnar

Ægis tjaldvagn 2002. Vel með farið. Fylgihl. Fortjald, yfirbreiðsla, kassi á beisli og grjótgrind. Ásett 400þús. S. 893 6746.

Bátar

Hráðbátur 15 ft. 90 hestöfl til sölu. Verð 1.8 millj. Uppl. í s. 824 0673.

Til sölu Skel 80 'árg. '87, með helstu siglingatækjum og þremur DNG handfæravindum og STK. Er staðsettur á ströndum. Tilboð óskast, engin skipti. Uppl. beni@isl.is eða í s. 821 2702.

Handfærasökkur úr stálsteypu 2 kg - 300 kr. stk 2,5 kg - 350 kr. stk 462 6512 / 897 9999.

Bílaþjónusta

Varahlutir

NET-PARTAR

Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla. www.netpartar.is

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

Bílapartar ehf S. 587 7659.
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is

Er að rífa Toyota Yaris '00, Corollu Hatcback '96, Escord '98. Accent árg. '95. Impreza árg. '99. S. 896 8568.

555 6666
VW Bora, Golf, Passat, Cati, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Toyota Avensis, Yaris. M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugot 206. Man 26530 árg.'05. og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 615 0888. Skeiðarás 3, 210 Grb.

Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Viðgerðir

ÞJÓNUSTA

Veislusalir

Leigjum veislusal, með eða án veitinga. Rúmar 120 manns í sæti. S. 896 1250.

Veitingastaðir

Vinsamlegast pantið borð. Sérstakur staður á sérstökum stað. Hafið bláa útsýnis og veitingastaður við Ósa Ölfusár. www.hafidblaa@hafidblaa.is & 483 1000.

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn

Garðyrkja

Gröfuþjónusta Auberts.
Allar stærðir af gröfum með fleyg og jarðvegsbor, hlöðum grjótkanta og útvegum holtagrjót og allt fyllingarefni, jöfnum lóðir, gröfum grunna. Einnig endurnnýjun á drenn og klóaklögnum.
Sími 892 1663.



Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsasmíðameistari. Vanir menn, snör handtök. Sælugarðar s. 824 1238.

Tökum að okkur alla almenna umhirðu garða. Sláttu-og garðaþjónustan. S. 577 4444 & 892 9999.

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

Smágröfuþjónusta, hellulagnir, drenlagnir og öll almenn lóðavinna. Vönduð og góð vinnubrögð. Erum með vörubíl með krana. SS Hellulagnir. 691 8907. Sjá nánar á www.sshellulagnir.is

Lífrænn húsdýra áburður til sölu. 10 L. kr. 1300, 30 L kr. 2000. Uppl. í s. 567 4656.

Sumarklippingar!
Runnaklippingar, trjáfellingar, snyrting á trjágróðri. Alhliða umhirða garða. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur. S. 848 1723.

Búslóðaflutningar

Búslóðaflutningar
Tökum að okkur alla búslóðaflutninga og aðra flutninga. Góð þjónusta. Einnig aukamenn ef óskað er. Erum með besta verðið. Uppl. í síma 899 2536 & 659 4403.

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Account Bókhald og rekstrarráðgjöf slf.
Framtöl ofl. S. 860 0266 & 840 0609 www.account.is

Málarar

Frír háþrýstiþvottur í Júlí!!
Tökum að okkur múr- og málningarvinnu, stór og smá verk. Örugg þjónusta, vanir menn vönduð vinna. Gerum verðtilboð þér að kostnaðarlausu.
Upplýsingar gefur Sverrir s. 661 7000.

Málarar athugið!
Óska eftir tilboði frá málurum í einbýlishús í Reykjanesbæ. Uppl. í s. 842 6605.

Málarameistari getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 896 6148.

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. S. 896 5758.

Húsaviðhald

Fagþjónusta - Allt á einum stað
Getum bætt við okkur í flísalögn, múrverki, pípulögn, málningu, parketlögn, glerísetningum og fleira. Sérhæfum okkur í lekavandamálum. Einnig tökum við að okkur niðurrif úr húsum og múrbrot. Fljót og góð vinnubrögð. Tímavinna eða tilboð. Upplýsingar í síma 899 2420 Steingæði ehf.

Pípulagnir
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

Húseigendur, Húsfélög Ath.
Múrarameistari sérhæfður í flísalögnum, sprungu og tröppuviðgerðum. Vönduð vinna. Uppl. í s. 896 5778 & 567 6245.

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

Húsaviðgerðir
Skiptum um rennur og bárujárn á þökum og múrviðgerðir og fl. Uppl. í s. 659 3598.

Húsaviðhald!
Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

Lekur þakið ?
Tek að mér að leggja P.V.C dúk á þök og bílskúra, erum líka í þakviðgerðum. Uppl. í s. 659 3598.

Stíflulþjónusta

Tölvur

Alhliða tölvu- og netviðgerðir, gagnabjörgun og ráðgjöf. Kem á staðinn. Þar sem aðrir klikka kem ég við sögu. Gott verð!! Baldvin, S. 699 6735.

Tölvuviðgerðir og vírushreinsanir
Geri við allar tegundir tölva. 15 ára reynsla og microsoft vottun. Ríkharður - Miðnet ehf - S. 615 2000.

Ódýrasta tölvuþjónustan! Kem í heimahús og fyrirtæki. Snögg þjónusta. s 698 8886.

Nudd

Whole body massage. Tel. 849 5247.

NUDD.NUDD.NUDD. Excellent whole body massage for you! ALENA.S. 822 7301.

NEW!!!! LUXURY TANTRIC WHOLE BODY MASSAGE ANY TIME! 8476555.

TANTRIK MASSSAGE IN DOWN TOWN ANY TIME!!!t 869 8602.

Spádómar

-SÍMASPÁ - Einkatímar
Upplýsingar í síma 663 0813 & 554 3306. Elísabet.

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

Trésmíði

Minigolf
www.bustadur.is
9 holu minigolfvellir til sölu. Skemmtileg sett. Upplagt fyrir einstaklinga, félagssamtök, útihátíðarsamtök eða þjónustumiðstöðvar. Smíðum og gerum við sumarhús og útileiktæki og almenn trésmíðavinna, smíðum borð með áföstum bekkjum. Uppl. í s. 867 3245 & 869 1690 Bergiðjan ehf Smiðshöfða 12, pukinn@simnet.is

smidaland.is
Nýsmíði, viðhald, gluggar, sólpallar, skálar, þakviðgerðir. Allt milli himins og jarðar. S. 772 0040.

Viðgerðir

Smávélaviðgerðir: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, garðlýsing, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, hekkklippur, rafstöðvar. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

Önnur þjónusta

KEYPT & SELT

Til sölu

Second Hand verslunin Marilyn Monroe opnar miðvikudaginn 1. júlí !
Opið frá kl. 13 - 17.30 alla daga.
Úrval af notuðum og nýjum herra- og dömufatnaði á góðu verði.
Skór, töskur, slæður ofl.
Marylin Monroe, Starmýri 2. (gengið inn frá Álftamýri) s. 866 9747.

FERÐABOX Thule 200, opnast til hliðar. Lítið notað 45.000 kr. Uppl. 849 6703.

Gefins

Óska eftir ísskáp og þvottavél gefins, má vera bilað. Uppl. í s. 896 8568.

Óskast keypt

Kaupi gull !
Ég Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi af fólki. Og veiti ég góð ráð. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið.
Leitið til fagmanns.
Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13,
Verið velkomin

Staðgreiðum gull, demanta og úr.
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumalltgull.is
Upplýsingar í síma 661 7000.

Óska eftir að kaupa CD, DVD diska, PS2 leiki og vínyl hljómplötur. Uppl. í s. 698 8629.

Heimilistæki

Bang & Olufsen Beolab 8000 sjónvarpsstæða með öllu og beosound 9000 hljómflutningstæki. Allt í einum pakka. Söluv.4,7.V. 2,5. Uppl. í s. 860 1957.

Hljóðfæri

Dúndurtilboð!
Kassagítarar: 1/4 stærð kr 10.900.- pakkinn með poka, strengjasett og stilliflautu. 1/2 stærð kr. 7.900.- Full stærð kr 12.900.- 3/4 kr. 10.900.- 4/4 kr. 12.900.- Rafmagnsgítarpakkar frá kr. 34.900 Hljómborð frá kr. 8.900 Trommusett kr. 69.900 með öllu. Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is

Tölvur

Er tölvan biluð?
Kem í heimahús og leysi málið. Kvöld og helgarþjónusta. Áralöng reynsla, 100% ánægja. Magnús 695 2095.

Til bygginga

Óska eftir að kaupa vinnupalla og steypumót gegn staðgreiðslu
Frá Layher, Plettac, Hunnebeck eða
Rux. Steypumót, frá Peri, Doka eða Hünnebeck.
Óska einnig eftir byggingarkrana, t.d.
Liebherr, Demag, Grove eða Faun.
Hringdu núna, Sverrir s. 693-6445

Hurðviður til húsabygginga.
Sjá nánar á www.vidur.is
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 hurðviðarskrúfur. Penofin hurðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

Timburpappi
Óska eftir 1300 lengdarmetra 1x6. 300 fm þakpappi, spónaplötur, utanhúsklæðning. Uppl. í s. 895 8299.

Krossviður, timbur, mótaborð, kambstál, gips og fl. uppl. í s: 840-7273 og ulfurinn.is

Timbur til sölu. Sperruefni 40x230mm. kr. 550 meterinn. Lengd 4,3 m, 4,9 m, 5,5 m og 6,1m. S. 857 2158.

Verslun

ÚTSALA! BARNAFÖT 3 FLÍKUR, 5000KR. Emilía Bláu húsin Faxafeni clamal.is.

HEILSA

Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Betri lífsstíll aukin orka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki/prufur. www.rkb.heilsuskyrsla.is Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd

Tantric Massage of Sacred touch
For men, women and couples. Tel 698 8301 www.tantra-temple.com

Nýtt Nýtt! Nudd - Japanska baðið. Krepputilboð!
3500.-kr Nudd, 2000.-kr skrúbb og heitur pottur, detox 3500.- kr. Matur 1000.- kr. Ayurveda nudd, sogskálanudd og Tíbet nudd. Opið frá kl. 12.00 alla daga nema sunnudaga. Vaida er komin. Ekkert sex nudd ! S. 823 8280.

Snyrting

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Námskeið

SIGLINGANÁMSKEIÐ
Skemmtilegt námskeið fyrir börn og fullorðna. Nánari uppl. s: 895 1551 www.brokey.is

Ökukennsla

www.aksturinn.is
S. 694 9515
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

HEIMILIÐ

Húsgagnaviðgerðir

Leysum málningu og bæs af gömlum húsgögnum, hurðum o. fl www.afsyring.is S. 897 5484 & 897 3327.

Ýmislegt

Bílskúrssala á Fálkastíg 4. Álftanesi. s. 899 8666. kl 16-20. Ódýrt. handlaugar,snerlar,föt,bækur,flísar,töskur og fl.

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Ferðalög

Komdu með í alvöru Enduro ferð um helgina. Allt innifalið, - gisting, matur, fylgdarbíll, leiðsögn og fullt af fjöri. Hentar öllum. Þú getur leigt af okkur hjól eða komið á þínu eigin hjóli. Stutt og skemmtileg ferð. Kíktu á heimasíðuna okkar eða hringdu í okkur strax og bókaðu pláss. Takmarkaður fjöldi. Sími 578 7860. www.bluemountain.is

Gisting

Barcelona Sagrada familla hverfi. Einnig ódýrar íbúðir. Uppl. í s. 899 5863, www.helenjonsson.ws.

Fyrir ferðamenn

Alvöru kælibox fyrir ALVÖRU ferðalanga
Við eigum líka alvöru frysti og kælikubba! Tilboðsverð á 65lítra kistlinum! 18.675,- m vsk - afgreitt hvar sem er á landinu - Einangrunargildi og ending í sérflokki Pöntunarsími 460 5000

Fyrir veiðimenn

Alltaf til silungsmaðkar til sölu. S. 899 8561, Gummi.

Maðkar Laxa og Silungs til sölu Tökum einnig pantanir. Uppl. í síma 695-2572 / 562-0242

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

www.leiguherbergi.is Gistiheimili / Langtímaleiga / Guesthouse long term rent.
Herb. til leigu. Eldh. baðh. internet, 10 sjónvarpsst., þvottah. Verð frá 35 þús. Dalshraun HFJ og frá 45 þús. Funahöfða RVK. Long term rent. Kitchen, bathroom, 10SAT TV, laundry room. Price from 35.000 ISK. Dalshraun HFJ & 45.000 ISK. Funahöfða RVK.
Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is

Herbergi í 101 Rvk. til leigu. 35 þús./mán. Að. að sturtu + eldh., frítt net, engin gjöld. S. 661 5154.

55fm 2.herbergja íbúð á Seltjarnarnesi til leigu, stæði í bílageymslu,allt innifalið 95þús á mán. upplýs. S:6631601

101 Rvk
2ja herb. 52 fm. íbúð í Parhúsi til leigu á 88 þús. Íssköpur og þvottavél geta fylgt og rafmagn innifalið. S. 770 7654.

Húsnæði óskast

Reyklaust háskólapar óskar e. að leigja 2-3 herb. íbúð í RVK/KÓP í 1-3ár. Getum borgað 65þ.á mán, flutt inn strax. Skoðum allt, líka dýrari. s:8478650/8606061

Lítil íbúð óskast til leigu í 101 Rvk eða nágrenni. Langtímaleiga. Uppl í s 551 6610 & 893 1335.

Óskum eftir 4herb. íbúð til leigu í Mosfellsbæ frá 1sept. Svandís s.869 1037.

Sumarbústaðir

Sumarbústaður til leigu, einungis fyrir eldri borgara. Bústaðurinn er á einum fegursta stað í Borgarfirði, mikill gróður, náttúrufegurð. 14 km. frá Borgarnesi. Uppl. í s. 896 8769.

Geymsluhúsnæði

geymslur.com
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

www.geymslaeitt.is
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað.S: 564-6500

www.buslodageymsla.is
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

Gisting

Vikugisting í glæsilegum hótelíbúðum í Hafnarfirði. Allur húsbúnaður, nettenging, sjónvarp, eldunar- og þvottaaðstaða, 2- 6 í íbúð, verð: 45-90 þús. á viku. Uppl. í síma 899 7004.

Íbúð eða herbergi til leigu á Akureyri í júlí. Verð 4000 per. mann per. nótt. Upplýsingar í síma 695 7045 & 570 7045.

ATVINNA

Atvinna í boði

MegaStore

MegaStore í Smáralind og á Akureyri leitar eftir starfsfólki. Verslunin opnar á Akureyri í lok Júlí 2009. ATH að ekki er um sumarstörf að ræða. Einnig erum við að leita eftir verslunarstjórum. Vinsaml. sækið um á www.megastore.is.

PHP forritari óskast til starfa. 333tmp@gmail.com.

Óska eftir starfskrafti í veiðihús. Unnið er 6 daga, frí í 3 daga. Viðkomandi býr á staðnum. Uppl. í s. 697 7016.



HVERFISBARINN auglýsir eftir rekstrar/skemmtanastjóra. Góð laun fyrir duglegt fólk. Þarf að hafa reynslu af einhverju tagi. Áhugasamir hafi samband í síma 699 1105

Óska eftir manni í slátt - kunna á orf. Vinnuvélaréttindi. Uppl. í s. 865 5613.

Hressingarskálinn óskar eftir starfsfólki í eldhús, helst reyndu. Upplýsingar á staðnum, Austurstræti 20

Vantar duglegan og lagtækan verkamann til vinnu á Húsavík. Húsnæði á staðnum. Uppl. í s. 894 5351.

Hressingarskálinn óskar eftir þjónum í fullt starf, viðtalstími á fimmtudaginn 16/07 milli 5 og 6 á staðnum, Austurstræti 20

Prjónakonur óskast. Nordicstore vantar fleiri vanar prjónakonur. Þurfa að prjóna 4-7 peysur í mánuði, hnepptar og heilar. Mikil og jöfn vinna allt árið. Greiðum 6.500 til 9.000 kr. fyrir peysuna og útvegum allt efni endurgjaldslaust. Upplýsingar gefur Steinunn framleiðslustjóri í síma 8697821.

Grímsnes - Ásborgir - 10.mín. frá Selfossi . Óska eftir gröfumanni til lóðajöfnunar og hæðamælingar á einbýlishúsalóðum . uppl í síma 897 6802.

STÖRF.IS
Leitaðu á meðal rúmlega 400 atvinnuauglýsinga. Leitin hefst hjá okkur.

Múrlína ehf óskar eftir mururum, eða lærlingum í tímabundna vinnu. Íslenskukunnátta skilyrði. Upplýsingar veita Þórir s. 660-2290 og Daði 660-2299.

Atvinna óskast

Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.

TILKYNNINGAR

Tapað - Fundið

KÓPAVOGUR - TÝNDUR.
Tyson tapaðist frá Hlíðarhjalla í Reykjavík . Hann er svartur og hvítur högni, eyrnamerktur 05H095, örmerktur 208224000146682 og með endurskins hálsól. Sárt saknað. Karen Rós í síma 562-2787 + 772-7267.

Einkamál

Símaþjónusta Spjalldömur
S. 908 6666 & 908 2000. Opið þegar þér hentar

SÍMAÞJÓNUSTUR
Stefnumót
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
Spjall
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
Gay spjall
535-9988 (kreditkort)
Sögur
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
Spjalldömur
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

Sólarupptaka!
Hún lagðist út á svalir, sveitt í sól og blíðu (með leikfang!) og lágróma hljóðritaði hún þessa frábærlega djörfu upptöku. Þú heyrir uppt. hjá Sögum Rauða Torgsins í s. 905-2002 og 535-9930, upptl. nr. 8167.

Dömurnar á Rauða Torgi
Þær eru síbreytilegur hópur yndislegra kvenna sem finnst gaman að heitum samtölum og djörfum símaleikjum. Hver verður vinkona þín í kvöld? Sími 908-6000 og 535-9999.

Spennandi kona
með ákaflega fallega og mjúka rödd vill kynnast karlmanni með ljúfa stund í huga. Augl. hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 og 535-9920, augl.nr. 8309.

Karlmaður vill kynnast sér eldri karlmanni (þ.e. 45-60 ára). Augl. hans er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 og 535-9920, augl.nr. 8228.

Labradorinn Sesar 7ára óskar eftir að eignast hvolpa með Labrador tík. Ættbók ekki skilyrði. Uppl. í s. 862-6356

Bið Karl Tómasson afsökunnar á ummælum fá 12. júní sl. á bloggsíðu Gunnlaugs Ólafssonar. Arnþór Jónsson

HB GRANDI

Starfsfólk óskast

Starfsfólk óskast til almennra fiskvinnslustarfa í sumar í frystihúsi HB Granda hf. Reykjavík. Mikil vinna. Vinsamlega leggið inn umsókn á netfangið atvinna@hbgrandi.is með nafni, kennitölu og símanúmeri.

Bóas R Bóasson
Sölufulltrúi
Sími 699 6165
boas@remax.is

RE/MAX LIND

Þórarinn Jónsson hdl. Löggiltur fasteigna- og skipasali.

221,7 fm 5 herbergja einbýlishús með bílskúr á einni hæð í Hamradal, Reykjanesbæ tilboð óskast.. Skipti á minni eign koma til greina.

Bóas R Bóasson sími 699 6165

Bæjarlind 4, 201 Kópavogi - Sími 520 9500

BRIGITTE NIELSEN ER 46 ÁRA Í DAG.

„Já, ég sýni á mér líkamann, en aðeins vegna þess að mér finnst að fólk verði að hafa eitthvað fallegt að horfa á.“

Brigitte Nielsen er dönsk leikkona sem er þó þekktust fyrir að hafa verið gift leikaranum Sylvester Stallone.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 15. JÚLÍ 1099

Krossfarar hertaka Jerúsalem

Fyrsta krossferðin var farin á 11. öld, nánar tiltekið árið 1095 og að undirlagi Urbans II. páfa, með það að markmiði að hertaka borgina Jerúsalem og hið Heilaga land. Eftir mánaðarlangt umsátur um borgina myrtu krossfararnir nánast alla íbúa borgarinnar á þessum degi árið 1099.

Í krossferðir lögðu kaþólskir Evrópubúar gegn þeim sem þeir töldu til heiðingja. Slavar, gyðingar, rússneskir og grískir rétttrúnaðarsinnar, Mongólar, Valdensar, Prússar, Katarar, Hússítar, pólitískir andstæðingar páfans og aðallega múslimar urðu fyrir barðinu á krossförunum.

Tilgangurinn með árásinni á Jerúsalem var að ná borginni og svo Landinu helga og frelsa kristna menn undan yfirráðum múslima. Í átökunum sem fylgdu sölsuðu krossfararnir undir sig nærliggjandi landvinninga múslima. Þeim hélst þó ekki á þeim nema í tvær aldir þegar múslimar endurheimtu þá að nýju.

KROSSFARAR

Þess má geta að krossferðir voru farnar allt fram á síðari hluta 13. aldar. Þær höfðu gífurleg efnahagsleg, stjórnmálaleg og félagsleg áhrif sem eimir af enn í dag. **Heimild: www.wikipedia.org**

MERKISATBURÐIR

1567 María Stúart bíður ósigur fyrir skoska aðlinum við Carberry Hill og er fangelsuð í Loch Leven-kastala.

1626 Einar Sigurðsson, skáld og prestur í Heydölum í Breiðdal andast, um 88 ára. Þekktasta kvæði hans er sálmurinn Nóttin var sú ágæt ein.

1803 Snorri Björnsson, fyrrum prestur að Húsafelli, andast, 93 ára. Hann þótti rammur að afli, sundmaður mikill og skáld gott.

1970 Stórbruni verður í verkstæðisbyggingu Strætisvagna Reykjavíkur. Meðal annars brenna þrír strætisvagnar.

1983 Leikjatölvan Nintendo Entertainment System kemur fyrst út í Japan.

Sigmund Dehli í Landnámssetri

„Þetta er norskur harmóníkuleikari, margverðlaunaður tónlistarsnillingur, sem ætlar að troða upp. Fólk sem er vel að sér í þessari tónlist tók andköf þegar það frétti af komu hans til landsins,“ segir Sigríður Margrét Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Íslenska landnámssetursins í Borgarnesi. Þar ætlar harmóníkuleikarinn Sigmund Dehli að halda tónleika sem hefjast í kvöld klukkan 21 og mun leika alþýðutónlist fyrir tónleikagesti.

Sigríður segir að undanfarið hafi tónleikahald aukist jafnt og þétt í Landnámssetrinu sem hefur getið sér góðan orðstír fyrir einleiki og sögulegar sýningar. Hún fagnar því að tónlistarmenn sækist í síauknum mæli eftir því að troða upp í húsnæðinu.

Þess skal getið að aðgangseyrir á tónleikana í kvöld er 1.000 krónur fyrir fullorðna, en 500 krónur fyrir börn og ellilífeyrisþega. Sjá www.landnam.is.

TÓNLEIKAR Norski harmóníkuleikarinn Sigmund Dehli leikur í Landnámssetri Íslands í kvöld. MYND/ÚR EINKASAFNI

VEGAGERÐ Framkvæmdir á Vestfjörðum árið 1959. Vestfjarðavegur í Peningadalshlíð. MYND/ÚR EINKASAFNI.

DYNJANDISHEIÐI: HÁTÍÐAHÖLD VEGNA FIMMTÍU ÁRA OPNUNARAFMÆLIS

DYNJANDISHEIÐIN ER SÍUNG

Efnt verður til hátíðahalda á Dynjandisheiði fimmtudaginn 16. júlí í tilefni þess að í haust verða 50 ár liðin síðan vegur var lagður um Dynjandisheiði og akvegasamband komst á milli byggðarlaga á Vestfjörðum og milli Reykjavíkur og Ísafjarðar.

„Vegurinn breytti umhverfinu hér alveg geysilega mikið. Þeir á norðursvæðinu, Stór-Þingeyrarsvæðinu, komust alla leið til Patreksfjarðar sem hafði ekki verið hægt áður með vegi, þó að trillubátur hafi ferjað menn og bíla frá Bíldudal og yfir á Hrafnseyri,“ segir Magnús Ólafs Hansson, verkefnastjóri hjá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða, sem kemur að skipulagningu hátíðahaldanna.

Vegurinn á Dynjandisheiði var unninn á árunum 1957 til 1959 og opnaður þá á haustdögum. „Reyndar voru menn farnir að laumast hann sumarið 1958 en það er önnur saga,“ segir Magnús glettinn.

Dynjandisheiði liggur að norðan frá Dynjandisvogi upp Svínadal. Uppi á heiðinni eru vegamót og liggur veguinn annars vegar niður í Trostansfjörð á leið í Bíldudal, eða niður í Vatnsfjörð í Flókalund.

Til að útskýra nánar hversu mikið vegurinn um heiðina breytti lífi fólks á Vestfjörðum tekur Magnús dæmi. „Fimm leiðir liggja frá Búðardal og á norðurhluta Vestfjarða. Engin þeirra er opin yfir vetrartímann og því þarf Bílddælingur sem ætlar á Ísafjörð á veturna að aka 804 kílómetra leið til Búðardals yfir Laxárdalsheiði um Strandasýslu. „Þetta er 699 kílómetra aukakrókur miðað við stystu sumarleiðina yfir Dynjandis- og Hrafnseyrarheiði,“ segir hann og bætir við: „Til gamans má geta að ef Hafnfirðingur ætlaði upp á Akranes og þyrfti að taka svipaðan krók yrði hann að fara til Djúpavíkur í Strandasýslu og til baka.“

Magnús segir veginn hafa elst vel. „Það sem er það gleðilega við Dynjandisheiði er að hún er síung. Vegurinn hefur ekkert elst og er nákvæmlega eins og hann var þegar hann var lagður. Þetta er stórgóður vegur að keyra í dag enda hefur Vegagerðin stórbætt hann undanfarið,“ segir hann.

Hátíðahöldin á fimmtudaginn fara fram uppi á Dynjandisheiði rétt norðan við sýslumörkin milli Ísafjarðarsýslna og Barðastrandarsýslna. Þau hefjast klukkan 19 og standa til 21. Þar verða flutt nokkur ávörp. Til dæmis mun Ástvaldur Guðmundsson, ýtustjóri sem vann við vegagerðina, segja nokkur orð og Gísli Eiríksson, hjá Vegagerð ríkisins, mun lýsa möguleikum á að koma á heilsársvegasamgöngum milli byggðarlaga á Vestfjörðum.

Nokkur tónlistaratriði verða á dagskrá. Elfar Logi Hannesson leikari flytur ljóð eftir Guðmund Inga Kristjánsson frá Kirkjubóli í Önundarfirði, sem Guðmundur orti í tilefni af vegagerðinni fyrir 50 árum. Afhjúpuð verður áskorun til stjórnvalda og að lokinni hátíðardagskrá leikur hljómsveitin Yxna frá Ísafirði. Þá verður til sýnis gömul og uppgerð jarðýta, sem var notuð við vegagerðina fyrir 50 árum. Auk alls þessa verður boðið upp á kjötsúpu og kaffi á eftir.

Magnús og félagar hans vonast með þessari uppákomu til að vekja athygli á samgöngumálum Vestfjarða. „Við vonumst eftir að gefin verði loforð um jarðgöng milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar. Ef við eigum að hafa eina þjóð í einu landi getum við ekki búið við þetta. Samskiptin eru engin milli norður- og suðursvæðis nema um hásumartímann. Með þessu móti væri hægt að tengja Vestfirðina í hringvegakerfi.“

solveig@frettabladid.is

†

Okkar hjartkæri eiginmaður, faðir, tengdasonur og mágur

Emilio De Rossi
Via Prudenziana 21
22100 Como, Ítalíu

lést á sjúkrahúsi á Ítalíu þann 13. júlí, bálför verður í St. Augustino-kirkju í Como þann 15. júlí.
Þeim sem myndu vilja minnast hans er bent á Samband íslenskra kristniboðsfélaga.

Elsa Waage
Júlía Charlotte De Rossi
Clara G Waage
Vera Waage
Snorri Waage

†

Hjartans þakkir til allra sem sýndu okkur ómetanlega vináttu og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Sverris Leóssonar
útgerðarmanns, Aðalstræti 68, Akureyri.

Guð blessi ykkur öll.

Auður Magnúsdóttir
Magnús Sverrisson
Ásthildur Sverrisdóttir
Ebba Sverrisdóttir
Ragnhildur Sverrisdóttir
Unnur Dóra Norðfjörð
Jóhann Björgvinsson
Sveinbjörn Bjarnason
Steinar Sigurðsson
afabörnin og langafastrákarnir.

75 ára afmæli

Helgi Jónsson
Laufvangi 1, Hafnarfirði.

Hann ætlar að vera með kaffi á könnunni fyrir ættingja og vini í safnaðarheimilinu Víðistaðakirkju í dag milli klukkan 17 og 19 og þætti gaman að sjá sem flesta.

AFMÆLI

DIANE KRUGER leikkona er 33 ára.

KRISTJÁN ÞÓR JÚLÍUSSON alþingismaður er 52 ára.

BRIAN AUSTIN GREEN leikari er 36 ára.

GAMALT OG NÝTT Á Norðurbakkanum í miðbæ Hafnarfjarðar stendur fjöldi nýrra og hálfkláraðra bygginga í bland við gömlu húsin.

MYND/ÍRIS STEFÁNSDÓTTIR

ÚTSÝNI Kreppan blasir við út um gluggann á þessu óklárað húsi.

Myndaði draugabælin á Íslandi

Íris Stefánsdóttir, nýútskrifaður ljósmyndari, heldur sýningu á lokaverkefni sínu um kreppuna. Sýningin verður opnuð 16. júlí klukkan 17 í Gúttó, Suðurgötu 7 í Hafnarfirði.

Íris útskrifaðist í vor eftir þriggja ára nám frá skólanum Istituto Europeo di Design í Mílanó, Ítalíu. „Fyrir lokaverkefnið gátum við valið á milli nokkurra tegunda ljósmyndunar. Ég valdi fréttaljósmyndun og ákvað að taka fyrir kreppuna á Íslandi," segir Íris sem tók myndir af tómum og hálfkláruðum húsum.

LJÓSMYNDARI Íris Stefándóttir gerði óklárað hús að viðfangsefni lokaverkefnis síns.

„Hugmyndin kviknaði um jólin, stuttu eftir efnahagshrunið. Þá fannst mér skuggaleg þessi hverfi sem stóðu hálftóm eins og draugabæli," segir hún. Íris sneri aftur um páskana til að mynda og afmarkaði sig við nokkur hverfi. „Ég tók fyrir Hafnarfjörðinn, sérstaklega Vellina og Norðurbakkann, og Urriðaholtið í Garðabæ," segir hún. Íris útbjó ljósmyndabók og þurfti síðan að verja verkefni sitt. Verkefnið þótti nokkuð sérstakt á Ítalíu. „Þá var mikið spurt um Ísland og ástandið og það var svolítið erfitt að útskýra efnahagsvandamál Íslendinga á ítölsku," segir hún glettin. Það gekk þó vel og fékk Íris hæstu einkunn fyrir.

Á VÖLLUNUM Ekki er ljóst hvenær verður flutt inn í öll húsin í Vallahverfinu.

Sýning Írisar stendur yfir í sumar en opið er í Gúttó um helgar.

- sg

---

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og bróðir,

Sigurður Karl Sigfússon

Drekagili 28, Akureyri,

lést föstudaginn 10. júlí. Útför hans fer fram frá Glerárkirkju föstudaginn 17. júlí kl. 10.30.

Ása Þorvaldsdóttir
Valur Þór Sigurðsson — **Kamonrat Tiemerat**
Guðrún Margrét Sigurðardóttir — **Birgir Marinósson**
Þorvaldur Sigurðsson — **Kristín Margrét Gísladóttir**
Sigurður Brynjar Sigurðsson — **Bryndís Dröfn Traustadóttir**
afabörn og systkini hins látna.

---

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Sigríður Sveinsdóttir

frá Grund II, Borgarfirði eystra,

sem lést fimmtudaginn 9. júlí síðastliðinn verður jarðsungin frá Bakkagerðiskirkju laugardaginn 18. júlí kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Hjálparstarf kirkjunnar, innanlandsstarf.

Sveinlaugur Hannesson — **Unnur Guðrún Davíðsdóttir**
Þórdís Hannesdóttir — **Grétar Breiðfjörð Þorsteinsson**
Sigurður Hannesson
Árni Jón Hannesson
Oddur Hannesson — **Katrín Sigurlín Markúsdóttir**
Gunnar Hannesson — **Ingibjörg Kristín Jóhannesdóttir**
Eymundur G. Hannesson — **Iðunn Kröyer**
börn og barnabörn.

---

†

Hjartkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Stella Stefánsdóttir

Engihjalla 19, Kópavogi,

verður jarðsungin frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 16. júlí kl. 15.00.

Jóna Karlsdóttir
Stefanía Karlsdóttir — **Jóhannes G. Pétursson**
Stefán Þ. Karlsson — **Þóra Vilhjálmsdóttir**
Guðbjörg Edda Karlsdóttir — **Gunnar Sigurðsson**
Sólveig Gyða Karlsdóttir — **Gunnar Ólafsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

---

†

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Margrét Guðmundsdóttir (Maddý)

Hagaflöt 9, Akranesi,

andaðist á Sjúkrahúsi Akraness 8. júlí. Útförin fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 17. júlí kl. 14.00.

Davíð Guðlaugsson
Guðmundur Rúnar Davíðsson — **Margrét Sigurðardóttir**
Sigurður Grétar Davíðsson — **Hólmfríður D. Guðmundsdóttir**
Harpa Hrönn Davíðsdóttir — **Búi Gíslason**
og ömmubörn.

---

†

Okkar ástkæra og yndislega eiginkona, móðir, tengdamóðir, dóttir og amma,

Ástríður Hólm Traustadóttir

lést á Landspítalanum Hringbraut fimmtudaginn 9. júlí. Útförin fer fram frá Seljakirkju þriðjudaginn 21. júlí kl. 15.00.

Óskar Már Ásmundsson
Margrét Jóhannsdóttir — **Hafþór Theodórsson**
Bjarki Már Óskarsson
Trausti Már Óskarsson
Agnes Sigurðardóttir
Viktor Blær Hafþórsson
Ásta María Hafþórsdóttir.

---

†

Okkar innilegustu þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna fráfalls okkar ástkæra og yndislega eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,

Sig. Ómars Aðalbjörnssonar

Kelduhvammi 13, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir sendum við Brim hf., Rammi hf. og Bifhjólaklúbbnum Dúllurum.

Valgerður G. Gunnarsdóttir
Guðlín Jóna Ómarsdóttir — **Sævar Bjarki Einarsson**
Fanney Anna Ómarsdóttir — **Arnar Már Jónsson**
Ómar Örn, Jóel Ernir og Arnar Búi.

---

†

Eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, sonur, bróðir og afi,

Reynir Helgason

Álfheimum 34,

andaðist mánudaginn 6. júlí. Jarðarförin fer fram fimmtudaginn 16. júlí kl. 13.00 í Fossvogskapellu.

Björg Gísladóttir
Berglind Reynisdóttir — **Samson Magnússon**
Sveinbjörg Jónsdóttir
Jón Helgason — **Stefanía Björnsdóttir**
og barnabörn.

---

†

Okkar ástkæra

Súsanna Halldórsdóttir (Sunna)

frá Vestmannaeyjum, Stigahlíð 14, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Háteigskirkju mánudaginn 20. júlí kl. 13.

Örn Sævar Ingibergsson — **Guðlaug Óskarsdóttir**
Elín Dóra Ingibergsdóttir — **Haraldur L. Haraldsson**
Jón Kristinn Ingibergsson — **Sonja Christensen**
Þórunn Einarsdóttir — **Richard Kelley**
Halldór Einarsson — **Esther Magnúsdóttir**
Elín Einarsdóttir — **Jón Gunnlaugsson**
Ingibjörg Einarsdóttir
Birna Einarsdóttir — **Guðmundur Þorsteinsson**
Haukur H. Gröndal — **Ásta Sigurðardóttir**
og aðrir aðstandendur.

---

†

Innilegar þakkir til allra, sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför móðursystur okkar,

Margrétar Halldórsdóttur

Dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Hlíðar fyrir ágæta umönnun.

Kolbrún Matthíasdóttir
Guðný Matthíasdóttir
Jón Matthíasson
Halldór Matthíasson
og fjölskyldur.

---

†

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Guðmundu Guðmundsdóttur

Egilsbraut 9, Þorlákshöfn,

Helga Stefánsdóttir — **Júlíus Roy Arinbjarnarson**
Guðni Pétursson — **Naneth Orongan**
Víðir Lárusson — **Áslaug Traustadóttir**
barnabörn og fjölskyldur þeirra.

Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is

Gorenje þvottavél

45 l

Carbo tech | 33 cm | 5,5 kg

A Orkunýtni

A Þvottahæfni

1200 snúninga þvottavél

WA50125

Einföld og hljóðlát þvottavél með íslenskum leiðarvísi.

Verð 98.500

RÖNNING

Reykjavík • Skútuvogi 1 • Sími 562 4011

Reyðarfjörður • Nesbraut 9 • Sími 470 2020
Akureyri • Draupnisgata 2 • Sími 460 0800

PIPAR • SÍA • 90285



NOKKUR ORÐ
Kolbrún Björt Sigfúsdóttir

Að vera (ekki) góður við sjálfan sig

Sjósund, maraþon, Laugavegurinn, Esjan, skemmtiskokk, boot camp, hollt mataræði. Það eru allir að hreyfa sig, bæta sig, taka sig á þessa dagana. Hver smettisskinnu-statusinn á fætur öðrum lýsir sigrum dagsins og öðru hverju slysunum sem þeir sigrar virðast stundum hafa í för með sér. En hverjum er ekki sama um nokkra marbletti eða jafnvel brot, þegar þeim líður svona ótrúlega vel? Hollusta og hreyfing er hið nýja svart eins og maður segir.

Það er allt gott og blessað. Hreyfing er yndisleg. Holl fæða er frábær, verst reyndar hvað hún er oft dýr. Það er ekki hægt að álasa fólki fyrir að hugsa vel um sjálft sig. Nema það sé orðin fíkn.

Ég borða nammi, drekk gos, ligg uppi í sófa og horfi á sjónvarpið. Ég er ekki heilsusamleg og ég er ekki töff. Ég vinn reyndar meira en góðu hófi gegnir en ég úthrópa þau afrek ekki á Facebook og fæ því ekki milljón skilaboð um hvað ég sé dugleg. Ég veit að ég er dugleg, en engu að síður fæ ég öðru hverju samviskubit yfir því að vera ekki að undirbúa maraþon. Hvar fær fólk tíma til að stunda alla þessa líkamsrækt? Ég bara spyr.

Það eru tvær skilgreiningar á því að vera góður við sjálfan sig. Önnur segir að þeir sem séu góðir við sjálfa sig láti allt eftir sér, sælgæti, tiramisu, bíóferðir og sósað rautt kjöt. Hin er einhvern veginn þannig að það að vera góður við sjálfan sig sé að byggja líkamann upp og gefa honum aðeins það sem hann þarfnast, þvert á langanir. Ég segi eins og auglýsingin forðum, er ekki bæði betra? Hvar er hinn gullni meðalvegur? Sjósund er ekki allra, ekki frekar en tiramisu.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



> Sævar ekki búinn að ákveða sig

Körfuboltamaðurinn Sævar Ingi Haraldsson er á heimleið og ætlar að spila á Íslandi næsta vetur en hann tók sér frí á síðasta tímabili og fór í nám erlendis. Sævar Ingi spilaði með Stjörnunni áður en hann fór út og líklegast er að hann spili með bikarmeisturunum úr Garðabænum næsta vetur. Það kemur líka til greina að Sævar spili með Haukum í 1. deildinni þar sem hann er uppalinn. Sævar er ekki búinn að ákveða neitt en vill þó helst spila í úrvalsdeildinni þar sem hann hefur spilað allan sinn meistaraflokksferil.

sport

sport@frettabla

MATTHÍAS VILHJÁLMSSON, LEIKMAÐUR FH: ER SPENNTUR FYRIR LEIKNUM GEGN AKTOBE Í KVÖLD

Mikilvægast að halda okkar marki hreinu

„Menn eru mjög spenntir fyrir þessum leik enda mikilvægt fyrir klúbbinn að halda áfram í þessari keppni," segir Matthías Vilhjálmsson, leikmaður Íslandsmeistara FH sem mæta Aktobe frá Kasakstan í Kaplakrikanum í kvöld.

„Við fengum tölvupóst frá góðum manni sem er búinn að afla sér einhverra upplýsinga um þetta lið. Svo höfum við séð einhverjar klippur úr leikjum hjá þeim. Þetta er langbesta liðið í Kasakstan og vann víst eitthvert mót í fyrra þar sem bestu liðin frá löndunum í kring tóku einnig þátt. Þeir spila fínan fótbolta og eru líkamlega vel þjálfaðir," segir Matthías sem hefur verið hreint magnaður í sumar.

Hann segir að þátttaka FH í Evrópukeppninni sé skemmtilegur bónus fyrir leikmenn og einnig góður gluggi fyrir yngri leikmenn liðsins að sýna sig og sanna. Heimir Guðjónsson, þjálfari FH-inga, hafði ekki farið mikið út í áherslur liðsins fyrir leikinn þegar Fréttablaðið heyrði í Matthíasi.

„Hann fer vel yfir þetta á hádegisfundi á leikdegi. Ég vona persónulega að við fáum að spila okkar leik og pressa hátt. Ég giska á að við notum samt fyrstu fimmtán mínúturnar eða svo í að skoða hvað þeir ætla að gera. Ég tel það langmikilvægast að við náum að halda okkar marki hreinu í þessum leik."

Leikmenn FH skelltu sér saman í bíó í gær og horfðu á myndina The Hurt Locker til að þjappa hópnum saman fyrir verkefnið. Seinni leikurinn við Aktobe verður í Kasakstan í næstu viku. Ferðalagið þangað er 4.650 kílómetrar en Íslandsmeistararnir staldra ekki lengi við í landinu.

„Við fljúgum fyrst til Kaupmannahafnar og tökum einkaflug þaðan til Kasakstan. Með því spörum við einhverja klukkutíma og ferðalagið verður styttra. Við gistum þarna nóttina fyrir leikdag og fljúgum síðan heim beint eftir leik eiginlega. Mér finnst það fínt enda er ég ekkert voðalega spenntur fyrir að skoða eitthvað mikið þarna," segir Matthías Vilhjálmsson.

Leita að nýjum heimavelli

ÍR-ingar geta ekki beðið lengur eftir nýju íþróttahúsi eða parketi á Seljaskólann. Leikmenn liðsins hóta að fara frá liðinu nema að spilað verði á parketi næsta vetur og nú er líklegast að ÍR spili heimaleiki sína í Laugardalshöllinni.

KÖRFUBOLTI ÍR-ingar munu ekki spila heimaleiki sína í Seljaskólanum í Iceland Express-deildinni næsta vetur. Ástæðan er að þeir eru nú eina liðið á höfuðborgarsvæðinu sem spilar enn á dúk og ÍR-ingar standa nú frammi fyrir því að missa frá sér lykilmenn nema að liðið fari að æfa og spila á parketi.

„Við erum að reyna að leysa þetta mál með Reykjavíkurborg," segir Jón Örn Guðmundsson, stjórnarmaður hjá Körfuknattleiksdeild ÍR og fyrrum leikmaður og þjálfari liðsins en ÍR hefur barist fyrir því lengi að fá parket í Íþróttahús Seljaskólans.

„Það hefur verið erfitt fyrir okkur að fá leikmenn til þess að spila með ÍR því að það eru ofboðslega margir sem setja gólfið fyrir sig. Það eru líka til dæmi um að leikmenn hafi farið frá okkur út af því," segir Jón Örn og nú er svo komið að nokkrir leikmenn liðsins eru á förum nema að þetta mál verði leyst.

„Nú er bara staðan þannig að það eru ákveðnir leikmenn í ÍR-liðinu í dag sem munu fara ef við spilum á dúk. Þeir þola ekki dúkinn lengur," segir Jón Örn og bætir við. „Við stöndum því andspænis tveimur mjög slæmum kostum, annars vegar að halda áfram að spila á okkar heimavelli í Seljaskóla og missa ákveðna lykilmenn eða að fara tímabundið inn í annað íþróttahús sem er með parket," segir Jón Örn.

GÓÐAR MINNINGAR Eiríkur Önundarson hefur lyft bikarnum eftir tvo síðustu leiki ÍR-inga í Laugardalshöllinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

KR, Fjölnir og Breiðablik hafa öll lagt parket í sín íþróttahús á síðustu árum og það hafa Keflvíkingar, Grindvíkingar og Skallagrímsmenn gert einnig. Eins og staðan er nú spila þrjú félög í Iceland Express-deild karla ekki á parketi, ÍR, Tindastóll og Hamar.

Íþróttahús Víkinga er ekki langt frá Seljahverfinu og var fyrst nefnt sem hugsanlegur möguleiki en Jón Örn segir að menn hafi horfið frá því þar sem ekki er gert ráð fyrir körfubolta í Víkinni.

„Það eru ekki körfur í Víkinni og það er víst alveg jafndýrt að setja körfur þar eins og að setja parket á Seljaskólann. Það væri fáránlegt að gera það. Það er því Höllin sem hefur verið inni í myndinni hjá okkur," segir Jón Örn og það er mjög líklegt að niðurstaðan verði að ÍR spili heimaleiki sína í Laugardalshöllinni næsta vetur.

„Auðvitað finnst manni þetta hundfúlt að við verðum án heimavallar ef svo má segja. Þó að við fáum einhverjar æfingar með leikjunum þá er þetta nýtt hús fyrir mönnum ef Höllin verður fyrir valinu. Eina forskotið sem við myndum hafa á önnur lið er ef við færum alla leið í bikarnum," segir Jón Örn í léttum tón en ÍR-ingar eiga góðar minningar úr Laugardalshöllinni undanfarin ár því að liðið varð bikarmeistari 2001 og 2007.

Það lítur því út fyrir að leikið verði í Laugardalshöllinni í úrvalsdeildinni í vetur en ekki í Seljaskólanum. ooj@frettabladid.is

DÚKURINN SLÆMUR Sveinbjörn Claessen er einn leikmanna ÍR sem hefur glímt við meiðsli sem rekja má til dúksins í Seljaskóla. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

1. DEILD KARLA

ÚRSLITIN Í GÆR

Haukar - Þór	1-2
0-1 Einar Sigþórsson, 0-2 Ármann Pétur Ævarsson, 1-2 Hilmar Geir Eiðsson	
KA - HK	1-3
1-0 David Disztl, 1-1 Ásgrímur Albertsson, 1-2 Almir Cosic, 1-3 Rúnar Már Sigurjónsson	
ÍR - Víkingur R.	2-4
0-1 Jakob Spangsberg, 0-2 Jökull Elísabetarson, 0-3 Jökull Elísabetarson, 1-3 Árni Freyr Guðnason, 2-3 Guðfinnur Ómarsson, 2-4 Pétur Svansson	
ÍA - Selfoss	1-2
0-1 Ingólfur Þórarinsson, 0-2 Sævar Þór Gíslason, 1-2 Andri Júlíusson	
Aftureldingar - Leiknir R.	1-1
0-1 Ólafur Hrannar Kristjánsson, 1-1 Albert Ásvaldsson	

STAÐA EFSTU LIÐA

Selfoss	**11**	**8**	**2**	**1**	**23-12**	**26**
Haukar	11	6	2	3	22-15	20
HK	**11**	**6**	**2**	**3**	**22-15**	**20**
Fjarðabyggð	10	6	1	3	20-15	19
KA	**11**	**4**	**5**	**2**	**14-9**	**17**
Víkingur R.	11	4	3	4	19-17	15

Rúrik Gíslason samdi við OB:

Rúrik tekur skrefið upp

FÓTBOLTI Rúrik Gíslason skrifaði í gær undir fimm ára samning við Odense Boldklub í Danmörku, betur þekkt sem OB. Rúrik vakti mikla athygli fyrir frábæra frammistöðu sína með Viborg í næstefstu deild danska boltans á síðasta tímabili og var talað um hann sem besta leikmann deildarinnar.

OB hafnaði í öðru sæti dönsku úrvalsdeildarinnar og er eitt stærsta félag landsins.

„Þetta er mikilvægt fyrir minn feril og er nýtt og spennandi verkefni. Ég vil vinna titla og tækifærin til þess eru í Óðinsvéum," sagði Rúrik í viðtali á heimasíðu OB en hann er 21 árs og getur spilað allar stöður framarlega á vellinum. - egm

Smurþjónusta

Sparaðu, láttu smyrja bílinn hjá Max1

Innifalið 2 lítrar af Max1 rúðuvökva

Max1 verðdæmi á ódýrri smurþjónustu

Toyota Yaris	1,3	Olía, olíusía og vinna: 9.095 kr.
Nissan Almera	1,5	Olía, olíusía og vinna: 9.092 kr.
Mazda3	1,6	Olía, olíusía og vinna: 9.370 kr.
Ford Focus	1,6	Olía, olíusía og vinna: 9.688 kr.

Við erum góðir í að gera hlutina fljótt og vel og ódýrt – skoðaðu: www.max1.is

Reykjavík, sími 515 7190: Bíldshöfða 5a, Bíldshöfða 8, Jafnaseli 6, Knarrarvogi 2.
Akureyri, sími 462 2700: Tryggvabraut 5.
Skoðaðu www.max1.is

MAX1 BÍLAVAKTIN

Miele

www.eirvik.is

Sparaðu með Miele

Miele þvottavélar hafa verið framleiddar í yfir hundrað ár.
Miele þvottavélar eru framleiddar til að endast.

Íslenskt stjórnborð - Stórt hurðarop
Íslenskar leiðbeiningar - 20 ára ending

TILBOÐ

Þvottavélar - Verð frá kr. 164.996
Þurrkarar - Verð frá kr. 139.995

Most Trusted Brand 2008 | best brands 2008

Kynntu þér málið hjá sölumönnum Eirvíkur

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

Sumargleði Kimi hefst

Sumargleði Kimi Records verður haldin í annað sinn nú í sumar. Hátíðin verður haldin í tveimur hlutum og hefst sá fyrri í dag á skemmtistaðnum Paddy's í Keflavík og endar sunnudaginn 19. júlí á Gamla bauk á Húsavík. Hljómsveitirnar Sudden Weather Change, Reykjavík! og Swords of Chaos munu skemmta landsmönnum í fyrri hlutanum en í þeim seinni, sem hefst þann 22. júlí, verða það hljómsveitirnar FM Belfast, Sudden Weather Change, Skakkamanage og Miri. Allir tónleikarnir hefjast stundvíslega klukkan 20.00 með léttum „pop-quiz"-spurningaleik. Miðaverð er 1.500 krónur.

- sm

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

FM BELFAST Hljómsveitin FM Belfast er ein þeirra sem mun skemmta landsmönnum í sumar á vegum Kimi Records.

Á lausu á ný

Söngkonan Jessica Simpson og kærasti hennar til tveggja ára, ruðningskappinn Tony Romo, hafa slitið sambandi sínu. Samkvæmt heimildarmanni á Tony að hafa hætt með söngkonunni kvöldið fyrir afmælið hennar. „Hún er hryggbrotin. Hún elskar Tony, en sambandið hefur ekki verið neinn dans á rósum undanfarið. Hann er upptekinn af sínum ferli sem íþróttamaður og hún er að taka upp sjónvarpsþátt," var eftir honum haft.

Samstaða milli leikfélaganna

Félag íslenskra framhaldsskólaleikfélaga, FÍFL, var stofnað fyrir stuttu. „Við erum að fara af stað með þessa hugmynd sem tilraun. Seinustu ár höfum við verið að gefa öðrum framhaldsskólaleikfélögum afslátt eða frítt á okkar sýningar og fengið í staðinn einhvers konar afslátt eða frítt á þeirra sýningar. Þetta er í raun bara þróuð útgáfa af því," segir Guðmundur Felixson formaður Herranætur og einn stofnenda FÍFL.

Hann segir félagið hugsað sem tengslanet á milli framhaldsskólaleikfélaga. Afslátturinn verður þá staðlaður og nýtist hann leikurum sem og öðrum aðstandendum sýninga innan félagsins. „Megin markmið félagsins er að virkja áhuga á leiklist innan framhaldsskólanna og auka samstarf á milli leikfélaganna." Þá verður vefsíða félagsins, fifl.is, drjúg fyrir leikfélögin, en þar munu allar upplýsingar um sýningar vetrarins liggja fyrir. Er enginn rígur á milli skóla? „Alls ekki, það er mjög mikil samstaða, þó að leikfélögin séu eins mismunandi og þau eru mörg."

Hugmyndin kom fyrst upp fyrir tveimur árum. „Formaður Herranætur, Thelma Marín Jónsdóttir, var alltaf með þessa hugmynd að stofna Fífl. Svo var ekkert meira gert í því. Núna, tveimur árum síðar, ákvað ég að láta til skarar skríða og hafði samband við alla formenn leikfélaganna."

Félagið er í mótun í sumar, en vefsíðan og önnur starfsemi þess hefst með haustinu.

-kbs

LÉT TIL SKARAR SKRÍÐA Guðmundur réðst í að stofna félag íslenskra framhaldsskólaleikfélaga. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

MERKJA OUTLET

KORPUTORGI

| Dömufatnaður | Herrafatnaður |
| Íþróttafatnaður | Barnafatnaður |
| Sundfatnaður | Skór | Töskur |

VIÐ LÆKKUM VERÐIN ... MEIRA!

30% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM!*

Dömubolir	695
Dömubuxur	995
Dömutöskur	995
Dömuskór, með hæl	1.295
Dömublússur	1.595
Kjólar	1.995
Hummel sokkar, 3 pör í pk.	895
Hummel stuttermabolir	3.995
Hummel háskólabolir	[illegible]
Hummel [illegible]	[illegible]
Hummel [illegible]	[illegible]
[illegible]	495
Barnanáttföt	995
Barnaskór	995
Barnabuxur	1.495

Bikinítoppar og buxur	595
Arena sundbolur, s[illegible]	[illegible]
Arena sundbolur [illegible]	[illegible]
Arena sundskýla karla	[illegible]
Arena bik[illegible]	[illegible]
[illegible] dömuskór	3.995
Sandalar (36-46)	[illegible]
[illegible]	[illegible]
[illegible] blár og bleikir	2.495
Solla stríða, striga[illegible]	[illegible]
Solla stríða, [illegible]	[illegible]
Íþróttaskór, [illegible], sandalar	2.495
Æfingabuxur, stelpu	2.995

Gallabuxur, karla	3.995
Didriksons útivistarbuxur	2.495
Didriksons útivistargalli, barna og unglinga	4.995
Regngallar (86-134)	5.999
Englagúmmískór (21-35)	995
Englagúmmístígvél (29-42)	1.495
Viking barnastígvél	1.895
Gúmmístígvél, svört (35-40)	3.995
Íþróttaskór, karla og kvenna	5.495

Reebok · VIKING · FRØKEN PIL · Tamaris · ICHI · hummel · RUGBY JEANS CO. · arena · true · DIDRIKSONS 1913

Þúsund fermetrar af vönduðum vörum!

Stærsta Outlet landsins!

Opið alla daga frá 12 til 18 - Sími 578 9400

* Afslátturinn gildir af verðum MerkjaOutlet. Gildir ekki um hlaupahjól, tölvuleiki og DVD-diska.

dagskrá

> Steve Martin

„Ég veit aldrei fyrirfram hvaða brandarar slá í gegn og verða sígildir en þegar það gerist þá finnst mér ég hafa skapað eitthvað stórfenglegt."

Martin leikur aðalhlutverkið í kvikmyndinni Parenthood sem Stöð 2 Bíó sýnir í kvöld.

VIÐ TÆKIÐ ANNA MARGRÉT BJÖRNSSON MISSIR SIG Í DJASSINUM

Gufan suðar í eyrum endalaust

Mér hefur tekist að útiloka útvarp úr lífi mínu í mörg ár. Hef litið á það að mestu sem uppsprettu af tilgangslausu þvaðri og pitsuauglýsingum. Heima hjá mér og í bílnum er ég nasisti á tónlist og læt mér ekki detta í hug að leyfa öðru fólki að mata mig á annarri tónlist en ég fíla sjálf. Ég fæ nóg af því að fylgjast með Icesave-fréttum á netinu og í sjónvarpinu án þess að þurfa að hlusta á þær í útvarpinu. Ég var hins vegar búin að gleyma því hversu notalegt manni þótti rólegu raddirnar á gömlu gufunni í barnæsku þegar þær hljómuðu í eldhúsinu hjá ömmunum, þessar raddir sem verða að þægilegu suði í eyrum ólíkt því agressíva gjammi sem oftast fyrirfinnst á öðrum rásum. Í síðustu viku átti ég dásamlega og rólega daga norður í Skagafirði í góðum félagsskap fjarri interneti, gsm-símum og sjónvarpi. Á meðan sólin skein suðaði RÚV ásamt flugunum í eldhúsglugganum og fræddi okkur um heimspeki Hegels og stríðsrekstur Napóleons í bland við gríðarlegt magn af djassi. Ég lærði meðal annars að sérstaða Gilbertos væri sú að hann færi úr normi djassins með því að færa sig upp um áttundir og að ungviði ljóna hétu hvolpar en ekki ungar eins og ég hafði alltaf talið mér trú um. Það er eitthvað svo einstaklega yndislegt og íslenskt að kveikja á gömlu gufunni í sveitinni að manni finnst maður hverfa til fyrri tíma þar sem stanslaust áreiti virtist ekki vera til staðar. Einungis suðið í flugunum og Rás 1.

MIÐVIKUDAGUR

▶ **18.00 Harry Potter and the Order of the Phoenix** STÖÐ 2 BÍÓ

▶ **19.40 X-Files** STÖÐ 2 EXTRA

▶ **20.10 Gossip Girl** STÖÐ 2

▶ **20.30 Monitor** SKJÁREINN

▶ **20.35 Vitið og viðkvæmnin** SJÓNVARPIÐ

SJÓNVARPIÐ

16.05 Út og suður (e)
16.35 Leiðarljós
17.20 Táknmálsfréttir
17.30 Púkka (16:26)
17.55 Gurra grís (95:104)
18.00 Disneystundin Gló magnaða, Sígildar teiknimyndir og Nýi skóli keisarans.
18.54 Víkingalottó
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Ljóta Betty (Ugly Betty) Bandarísk þáttaröð um venjulega stúlku sem er ráðin aðstoðarkona kvennabósa sem gefur út tískutímarit í New York.
20.20 Brennið þið, vitar (3:4) Ásdís Sif Gunnarsdóttir sýnir í Kópaskersvita við Öxarfjörð: Assan yrkir.
▶**20.35 Vitið og viðkvæmnin** (Sense & Sensibility) (3:3) Breskur myndaflokkur byggður á sögu eftir Jane Austen.
21.30 Trúður (Klovn II) (e)
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.20 Millennium-milljónirnar (Uppdrag granskning: Millenniummiljonerna) Sænsk heimildarmynd um rithöfundinn Stieg Larsson og deilur föður hans, bróður og sambýliskonu um arfinn eftir hann. (e)
23.20 Opna breska meistaramótið (e)
00.15 Mótókross (e)
00.45 Dagskrárlok

BÍÓ

08.00 The Truth About Love
10.00 Harry Potter and the Order of Phoenix
14.15 Look Who's Talking
16.00 The Truth About Love
▶**18.00 Harry Potter and the Order of the Phoenix** Harry er sannfærður um að hinn illi Voldemort sé kominn aftur en galdramálaráðuneytið er í algerri afneitun.
20.15 Parenthood Sígild gamanmynd með Steve Martin í hlutverki föðurs í stórri og vægast sagt skrautlegri fjölskyldu sem lætur ekkert sérlega vel að stjórn.
22.15 The Last Time
00.00 Thelma and Louise
02.05 Perfect Strangers
04.00 The Last Time
06.00 Charlotte's Web

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Könnuðurinn Dóra, Stóra teiknimyndastundin og Bratz.
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 Doctors (1:26)
10.00 Doctors (2:26)
10.30 Gilmore Girls
11.20 Tekinn 2 (2:14)
11.50 Gossip Girl (5:25)
12.35 Nágrannar
13.00 Hollyoaks (233:260)
13.25 Creature Comforts (2:7)
13.50 E.R. (21:22)
14.50 The O.C. 2 (4:24)
15.45 Barnatími Stöðvar 2
17.08 Bold and the Beautiful
17.33 Nágrannar
17.58 Friends (12:25)
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.11 Veður
19.20 The Simpsons (25:25)
19.45 Two and a Half Men (6:19)
▶**20.10 Gossip Girl** (23:25) Þættirnir byggðir á samnefndum metsölubókum og fjalla um líf ungra, fordekaðra krakka sem búa á Manhattan í New York.
20.55 The Closer (12:15)
21.40 Monarch Cove (5:14) Rómantískir dramaþættir um konu sem snýr aftur til heimabæjar síns eftir að hafa afplánað sex ára fangelsisdóm fyrir morð á föður sínum.
22.25 Love You to Death (5:13)
22.50 Sex and the City (15:18)
23.15 In Treatment (9:43)
23.45 The Mentalist (21:23)
00.30 E.R. (21:22)
01.15 Sjáðu
01.45 Weeds (13:15)
02.10 Weeds (14:15)
02.35 Weeds (15:15)
03.00 Krámpack
04.30 Gossip Girl (23:25)
05.15 Friends (12:25)
05.40 Fréttir og Ísland í dag

STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

17.55 Gillette World Sport 2009 Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum úti í heimi og skyggnst á bak við tjöldin.
18.25 PGA Tour 2009 - Hápunktar Sýnt frá hápunktunum á PGA mótaröðinni í golfi.
19.20 Kraftasport 2009 Sýnt frá keppninni Sterkasti maður Íslands en þangað mættu flestir af sterkustu mönnum landsins.
19.50 Chelsea - Liverpool Útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.
21.30 10 Bestu: Atli Eðvaldsson Níundi og næstsíðasti þátturinn í þáttaröð um tíu bestu knattspyrnumenn Íslandssögunnar. Að þessu sinni verður ferill Atla Eðvaldssonar skoðaður í bak og fyrir.
22.20 Poker After Dark Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Holdem. Doyle Bronson, Chris Moneymaker, Daniel Negreanu, Gus Hansen, Chris „Jesus" Ferguson, Johnny Chan og fleiri spilarar sýna áhorfendum hvernig atvinnumenn spila póker.
23.05 KR - Valur Útsending frá leik í Pepsí-deildinni.

STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

19.00 PL Classic Matches Man Utd - Leeds, 1998. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
19.30 PL Classic Matches Manchester Utd - Wimbledon, 1998.
20.00 Aston Villa - Man. City Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
21.40 Season Highlights 2002/2003 Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.
22.35 Hull - Wigan Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
00.15 Premier League World 2008/09 Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

SKJÁREINN

06.00 Óstöðvandi tónlist
07.30 Matarklúbburinn (4:8) (e)
08.00 Rachael Ray (e)
08.45 Óstöðvandi tónlist
12.00 Matarklúbburinn (4:8) (e)
12.30 Óstöðvandi tónlist
17.35 Rachael Ray Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
18.20 Style Her Famous (11:20) (e)
18.50 Stylista (8:9) (e)
19.40 Psych (4:16) Bandarísk gamanþáttaröð um ungan mann með einstaka athyglisgáfu sem þykist vera skyggn og aðstoðar lögregluna við að leysa flókin sakamál. (e)
▶**20.30 Monitor** (4:8) Skemmtiþáttur fyrir ungt fólk sem unninn er af tímaritinu Monitor. Kynnir þáttarins er Erna Bergmann en henni til halds og trausts er öflugt lið frá Monitor.
21.00 Britain's Next Top Model (3:10) Bresk raunveruleikasería þar sem leitað er að nýrri ofurfyrirsætu.
21.50 How to Look Good Naked (3:8) Bandarísk þáttaröð Carson Kressley hjálpar konum með lítið sjálfsálit að hætta að hata líkama sinn og læra að elska lögulegar línurnar. Í þessum þætti hjálpar Carson móður sem hefur í nógu að snúast og hefur engan tíma fyrir sjálfa sig.
22.40 Penn & Teller: Bullshit (23:59) Skemmtilegur þáttur þar sem háðfuglarnir Penn & Teller leita sannleikans.
23.10 Leverage (13:13) (e)
00.00 CSI (6:24) (e)
00.50 Same Sex America (1:1) (e)
02.25 Óstöðvandi tónlist

ÍNN

20.00 Neytendavaktin Þáttur um málefni neytenda í umsjón Ragnhildar Guðjónsdóttur.
20.30 Óli á Hrauni Þáttur um stjórnmál í umsjón Ólafs Hannessonar.
21.00 Mér finnst Þáttur í umsjón Katrínar Bessadóttur, Haddar Vilhjálmsdóttur og Vigdísar Másdóttur.
Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Aukin ökuréttindi
Skráðu þig núna!
Síðustu námskeiðin fyrir breytingar!
Þann 10. september breytast aldursmörk á vörubifreiðar- og eftirvagnsréttindum í 21 ár.
Námskeið hefjast
22. júlí - Kvöldnámskeið
5. ágúst - Dagnámskeið
Verð á námskeiði fyrir vörubifreið og eftirvagn er 247.000 kr.
Verkalýðsfélög greiða allt að 100.000 kr. af námskeiði
Skráning í símum 892 6570 og 892 6571
ÖKUSKÓLI S.G.
SÍMI 581 2780
AUKIN ÖKURÉTTINDI
LEIGUBIFREIÐ · VÖRUBIFREIÐ · HÓPBIFREIÐ

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.55

The Closer

Fjórða sería þessara hörkuspennandi lögregluþátta um Brendu Leigh Johnson sem leiðir sérstaka morðrannsóknadeild innan hinnar harðsvíruðu lögreglu í Los Angeles. Milli þess sem hún leysir flókin sakamál og sinnir viðkvæmu einkalífi sínu, þarf hún stöðugt að glíma við íhaldssemi og ofríki karlanna í lögreglunni.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

Love You to Death
Stöð 2 kl. 22.25

Hér eru á ferðinni frumlegir þættir úr smiðju Johns Waters en hann er maðurinn á bak við kvikmyndirnar Hairspray, Cry Baby og Serial Mom. Í hverjum þætti er sagt frá sakamáli sem tengist ástríðuglæp af einhverju tagi. Allar sögurnar eru dagsannar þó þær geti virst ótrúlegar.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.38 Morgunfrúin
06.40 Veðurfregnir
06.50 Bæn
07.03 Morgunfrúin
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.11 Morgunstund með KK
08.30 Fréttayfirlit
09.05 Okkar á milli
09.45 Morgunleikfimi
10.03 Veðurfregnir
10.13 Tríó
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.00 Fréttayfirlit
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
13.00 Á sumarvegi
14.03 Söngvamál
15.03 Útvarpssagan: Ljósið í vatninu
15.25 Með flugu í höfðinu
16.00 Síðdegisfréttir
16.10 Veðurfregnir
16.13 Hlaupanótan
17.03 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.16 Spegillinn
18.50 Dánarfregnir
19.00 Á sumarvegi
20.00 Leynifélagið
20.30 Fólk og fræði
21.10 Út um græna grundu
22.07 Veðurfregnir
22.12 Orð kvöldsins
22.15 Kvöldsagan: Sólon Islandus
22.45 Kvöldtónar
23.10 Vistaskipti
00.07 Næturtónar

FM 90,9 Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radió / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

2 EXTRA

16.45 Hollyoaks (232:260)
17.15 Hollyoaks (233:260)
17.40 X-Files (20:24) Fox Mulder trúir en Dana Scully efast er þau rannsaka yfirnáttúruleg mál innan FBI. Leynileg öfl reyna að hindra leit þeirra að sannleikanum.
18.25 Seinfeld (9:24)
18.45 Hollyoaks (232:260)
19.15 Hollyoaks (233:260)
▶**19.40 X-Files** (20:24) Fox Mulder trúir en Dana Scully efast er þau rannsaka yfirnáttúruleg mál innan FBI. Leynileg öfl reyna að hindra leit þeirra að sannleikanum.
20.25 Seinfeld (9:24)
21.00 Fréttir Stöðvar 2
21.20 Ísland í dag
21.40 Aliens in America (18:18) Stórskemmtilegir gamanþættir um Raja, ungan skiptinema frá Pakistan sem býr hjá Tolchuck-fjölskyldunni í Wisconsin. Hann er múslimi en þau sannkristin og sambúðin gengur því ekki alltaf hnökralaust fyrir sig.
22.05 Bones (19:26) Dr. Temperance „Bones" Brennan réttarmeinafræðingur er kölluð er til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálum. Brennan og rannsóknarlögreglumaðurinn Booth vinna vel saman en spennan á milli þeirra hefur verið að magnast allt frá upphafi þáttanna.
22.50 Little Britain (4:6)
23.20 My Name Is Earl (16:22)
23.45 Sjáðu
00.15 Aliens in America (18:18)
00.40 Fréttir Stöðvar 2
01.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

10.25 Absolutely Fabulous **10.55** Only Fools and Horses **11.25** Absolutely Fabulous **11.55** My Family **12.25** Blackadder the Third **12.55** Only Fools and Horses **13.25** Absolutely Fabulous **13.55** The Weakest Link **14.40** My Family **15.10** Blackadder the Third **15.40** Only Fools and Horses **16.15** Absolutely Fabulous **16.45** EastEnders **17.15** The Weakest Link **18.00** My Family **18.30** Blackadder the Third **19.00** Saxondale **19.30** Lead Balloon **20.00** Dalziel and Pascoe **20.50** Saxondale **21.20** Little Britain **21.50** EastEnders **22.20** The Weakest Link **23.05** Dalziel and Pascoe

DR 1

11.00 Onskehaven **11.30** Så for sommer **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** Flight 29 savnes! **13.20** Rodhættes retssag **13.30** SommerSummarum **13.35** Svampebob Firkant **13.55** SommerSummarum **15.05** Trolddomsæsken **15.30** Til dans, til vands og i luften **15.50** Sallies historier **16.00** Supernabo **16.30** TV Avisen med Sport **16.55** SommerVejret **17.00** Husker du... - Highlights fra 80'erne **18.00** Kender du typen? **18.30** Politiskolen **19.00** TV Avisen **19.25** SommerVejret **19.35** Aftentour 2009 **20.00** Havet er mit våben **21.25** Onsdags Lotto **21.30** Höök **22.30** Seinfeld

NRK 1

10.30 Norge rundt jukeboks **11.30** Sport Jukeboks **12.30** Svisj gull jukeboks **13.40** Skyldig på mistanke **15.20** Litt som deg **15.50** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Olivia **16.10** Didrik og Dorte **16.20** Postmann Pat - Spesialpakkeservice **16.36** Leon **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Millionær i forkledning **18.20** Hege & Holmen **18.45** Vikinglotto **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Sommeråpent **20.20** Sporlost forsvunnet **21.00** Kveldsnytt **21.15** Vår aktive hjerne **21.45** Lognens pris **22.45** Skjønnhet i fangedrakt **23.35** Du skal hore mye jukeboks

SVT 1

10.00 Rapport **10.05** En persisk besöksvän **10.35** Älskar dig för evigt? **12.15** Sista sommaren **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Hedebyborna **15.55** Rymden **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Namnam med Noman **16.45** 100 procent bonde **17.15** Så såg vi sommaren då **17.30** Rapport **17.50** Regionala nyheter **18.00** Uppdrag granskning - sommarspecial **19.00** Hunter **20.00** Mördare okänd **21.40** Sommarkväll med Anne Lundberg **22.40** Sändningar från SVT24

Gæðamálning á góðu verði

DEKA PRO þakmálning, 10 lítrar
8.795 kr.

DEKAPRO útimálning, 10 lítrar
6.495 kr.

Trappa, 4 þrep
4.995 kr.

ODEN viðarvörn á palla.
Hágæða Silikonalkyd efni. 3 lítrar
4.290 kr.

Besta þekjandi viðarvörn í Skandinavíu samkvæmt prófun Folksham í Svíþjóð.
Sjá www.murbudin.is

ODEN þekjandi viðarvörn. 1 líter
1.495 kr.

Stigi, 8 þrep
6.995 kr.

Dicht-Fix þéttiefni. 750ml
1.795 kr.

Penslasett
1.395 kr.

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Reykjavík, Kletthálsi 7: Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 9-16
Suðurnes, Fuglavík 18: Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
Akureyri, Furuvellir 15: Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

BESTI BITINN Í BÆNUM

„Ef mig langar í sveittan fer ég á Aktu taktu, ekki spurning, bestu borgararnir í bænum! Aktu taktu klikkar aldrei.“

Sigurlaug María Hreinsdóttir jarðfræðingur.

Þúsundir gesta á listahátíð á Seyðisfirði

Listahátíð ungs fólks á Austurlandi, LungA, hófst með pompi og prakt á mánudaginn. „Þetta gekk allt svakalega vel, allir eru komnir í sínar smiðjur, komnir á fullt og rosaleg gleði. Við erum með tæplega 90 þátttakendur, þannig að það er góð mæting. Þetta lítur allt mjög vel út. Opnunarhátíðin var flott og leiðbeinendakynningin var mega,“ segir Björt Sigfinnsdóttir, úr framkvæmdaráði LungA. Leiðbeinendur kynntu vinnu sína og sjálfa sig. „Hugleikur var með íróníska kynningu á sinn hátt á meðan hinir spiluðu tónlist og dönsuðu.“

Yfir vikuna trekkir LungA að um fjögur til fimm þúsund manns til Seyðisfjarðar að sögn Bjartar, en þar búa rúmlega sjö hundruð manns. Um þrjú hundruð taka þátt í listahátíðinni sjálfri og koma þeir hvaðanæva af landinu. Flestir mæta þó um helgina, sem hefst á hönnunarsýningu á fimmtudagskvöld. „Við erum rosalega spennt fyrir henni. Hún verður alveg meiriháttar í ár.“ BA-útskriftarnemar úr hönnunarskólanum í Kolding DK eiga sviðið í ár auk innlendra hönnuða en sýnt er í gamla Strandarsíldar-frystihúsinu. Þá eru Kimi Records með tónleika á föstudagskvöldið og sjálfir stórtónleikarnir og uppskeruhátíðin eru á laugardagskvöld. Í ár spila Skakkamanage, B.Sig, Mugison, Jagúar og GusGus. Uppskeruhátíðin er svo alltaf dálítið dulin. „Ég held að hún verði líka extra flott í ár, við erum alltaf að reyna að toppa okkur. Þetta verður alltaf flottara og flottara. Það má lítið gefa upp að svo stöddu en það eru mjög góðar hugmyndir komnar.“ -kbs

FURÐUVERUR Leiðbeinendur tóku sig saman og spiluðu fyrir þátttakendur LungA.



LÁRÉTT
2. svif, **6.** spil, **8.** hljóma, **9.** viðmót, **11.** hlutafélag, **12.** afspurn, **14.** glingur, **16.** í röð, **17.** röst, **18.** starf, **20.** tvíhljóði, **21.** kropp.

LÓÐRÉTT
1. útdeildu, **3.** fíngerð líkamshár, **4.** umstafla, **5.** gifti, **7.** ómerkilegur samsetningur, **10.** stykki, **13.** örn, **15.** uxi, **16.** málmur, **19.** númer.

LAUSN
LÁRÉTT: 2. flug, **6.** ás, **8.** óma, **9.** fas, **11.** hf, **12.** umtal, **14.** skran, **16.** tu, **17.** íða, **18.** ión, **20.** au, **21.** nart.
LÓÐRÉTT: 1. gáfu, **3.** ló, **4.** umhlaða, **5.** gaf, **7.** samsuða, **10.** stk, **13.** ari, **15.** naut, **16.** tin, **19.** nr.

ÓLAFUR F. MAGNÚSSON: HANNA BIRNA AF ALLT ÖÐRU SAUÐAHÚSI EN ÉG

Nánast samhljóma ávarp gjörólíkra borgarstjóra

„Þetta er eflaust eitthvað staðlað sem skrifstofa borgarstjóra hefur útbúið,“ segir Ólafur F. Magnússon fyrrverandi borgarstjóri.

Ólafur F. og Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri hafa í gegnum tíðina ekki verið á sömu blaðsíðunni í pólitíkinni og oft tekist grimmilega á um málefni Reykjavíkurborgar. En í Visitors Guide, veglegri handbók sem gefin er út árlega og ætluð er erlendum ferðamönnum, er að finna ávarp eða pistil frá borgarstjóra Reykjavíkur. Svo einkennilega vill til að ávarp Hönnu Birnu er nánast það sama og ávarp Ólafs var í fyrra. Bæði velja þau sömu fyrirsögnina: „Reykjavík – Be Inspired“ og byrjunin er sú sama: „Think of the qualities of a great city – fun, space, clean air, nature, culture – and I feel that Reykjavik has them in spades.“ Glæsileg byrjun á pistli og magnað að þeim skyldi ekki einungis hafa dottið nákvæmlega hið sama í hug – heldur orðað það á sama hátt.

Ólafur kannast reyndar ekki við að hafa skrifað pistil í Visitors Guide þó í orði kveðnu sé það hann sem ávarpar lesandann og kvittar undir pistilinn. En þetta kemur honum ekki á óvart. Hann segir starf borgarstjóra 26 tíma starf á sólarhring. Þetta hafi án efa verið erindi sem embættismenn borgarinnar hafi afgreitt borgarstjóra til undirritunar að morgni annasams vinnudags. Og hann ekki einu sinni náð að lesa það yfir. Því ekki komi til greina að þau hafi sameinast um texta í eitt stykki ávarp.

„Ef þú heldur að til sé ólíkara fólk en við Hanna Birna þá skjöplast þér hrikalega. Ég hef komist að því að við erum af sitt hvoru sauðahúsinu.“ Ólafur gerir fastlega ráð fyrir því að ávarpið í Visitors Guide varði ekki pólitíska stefnu.

Það er Netið, markaðs- og rekstrarráðgjöf, sem gefur Visitors Guide út. Útgefandi og ritstjóri er Hákon Þór Sindrason. Hann segir ávörp borgarstjóranna ekki eins þó svo virðist í fyrstu. „Þegar við fengum þetta sent frá ráðhúsinu þá sýndist mér þetta vera sama ávarpið,“ segir Hákon Þór. jakob@frettabladid.is

Reykjavík Be Inspired

Think of the qualities of a great city – fun, space, clean air, nature, culture – and I feel that Reykjavik has them in spades.

The Reykjavik experience can truly be summed up in two words: Pure Energy!

Visitors to Reykjavik have many reasons to be inspired by the vibrant energy that is at the heart of Iceland's capital, you might want to get close to the thundering thermal energy boiling beneath the surface, feel the gentle green energy of nature that abounds within and surrounds the city, or perhaps get a taste of the vibrant culture and Reykjavik's lauded nightlife.

Reykjavik is a city with a dedication to healthy living. A perfect way to experience Reykjavik's healing energy is to visit one of the many thermal pools or spas. A healthy swim, a soak in the thermal hot pots or a relaxing visit to the spas leaves one feeling in tune with both body and soul. In and from there are many outdoor activities and sports within the city to choose from for the adventurous visitor.

Reykjavik is investing in tourism and culture and is generating new projects and facilities or at the Botanic and Yellers at a tremendous rate. In 2006 a new and inspiring meteorites with the unusual name Reykjavik Art XJ which focuses on the settlement of Iceland, opened in the heart of the city. New hotels are being built, older ones being renovated and up scaled, new restaurants are being opened the highlight Iceland remarkable array of fresh ingredients handled masterfully by our one-love chef.

The largest project by far and one that is going to drastically change Reykjavik is the Harpa Concert Hall and Conference Centre in the East Harbour that is new to be open in 2009. This will be a truly iconic building that will be Reykjavik's symbol for the future.

Welcome to Reykjavik. Hope you have an inspiring stay!

Ólafur Magnússon, Mayor of Reykjavik.

The Viking Hafdhedur accidentally discovers Iceland and names it Snowland (The land of snow).

The Viking Hafdhedur accidentally discovers Iceland and names it Greenland (The land of green).

City Hall by Tjarnin, The Pond

SAMI RITSTÍLL ÓLÍKS FÓLKS

Í öllum tilfellum er furðulegt þegar tveim mismunandi mönnum er eignaður sami textinn - og þegar í hlut eiga **Hanna Birna** og **Ólafur F.** verður það nánast absúrd. En líklega var það einhver embættismaður Reykjavíkurborgar sem ritaði pistilinn fyrir hönd þeirra og breytti einfaldlega um signatúr.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Idolstjörnur hafa átt nógu erfitt uppdráttar þó prentvillupúkinn sé ekki að leggja þær í einelti. Þannig kom nýverið út safndiskurinn Sumarstjörnur 2009, sem N1 dreifir og selur og þar er lag númer sjö „Með sjálfri mér“ og flytjandi sagður einhver Anna Hín. Þarna er að sjálfsögðu um að ræða **Önnu Hlín** sem margir töldu að hefði átt að vinna síðustu Idolkeppni.

Hvunndagshetja hefur átt í nágrannastríði að undanförnu en nýlegur úrskurður úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála er ekki hliðhollur **Auði Haralds** rithöfundi. Hún hefur átt í nágrannaerjum og kvartað undan framkvæmdagleði nágranna síns Páls Björgvinssonar sem einnig býr við Bergþórugötu 1. Kæru Auðar var vísað frá vegna þess að hún barst of seint. Og eitthvað hefur hvinið í tálknum höfundar Hvunndagshetjunnar því í úrskurðinum er talað um ávirðingar er lúta að embættisfærslum byggingarfulltrúa – en sagt að ekki liggi fyrir í málinu kæranleg stjórnvaldsákvörðun um afskipti eða afskiptaleysi hans.

Söngkonan **Védís Hervör Árnadóttir** eignaðist sitt fyrsta barn í gærmorgun. Védísi og unnustanum Þórhalli Bergmann fæddist drengur sem var 16 merkur og 52 sentimetrar. - jbg, sm

MÚRBÚÐARVERÐ
Festingarvörur – mikið úrval.
Verðdæmi:
Byggingarvinkill 90x90x65mm
125 kr.
LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGAVÖRUM
MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?
Sími 412 2500 - www.murbudin.is

GLÆNÝ STÓRLÚÐA
STÓR OG FALLEGUR HUMAR
Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • 108 Reykjavík • sími 587 7755

Sent með Fed-Ex frá Berlín

Þriðju útgáfu sjónritsins Rafskinnu, sem er fyrsta íslenska tímaritið sem gefið er út á mynddiski, verður fagnað með lítilli útihátíð í dag. Þemað í þetta sinn er í anda kreppunnar og gengur út á endurvinnslu og endurútgáfu. Á mynddisknum má meðal annars finna heimildarmyndir, stuttmyndir, tónlistarmyndbönd eftir íslenska og erlenda listamenn auk ritaðs efnis. Sigurður Magnús Finnsson, einn aðstandenda ritsins, segir ritstjórnina standa í strengu fyrir útgáfuna. „Diskarnir voru sendir frá Berlín í gær með Fed-Ex og nú eru menn að leggja lokahönd á að púsla þessu öllu saman.“ Hann segir að hefð hafi skapast fyrir því að halda útgáfuteiti ritsins undir berum himni og helst það óbreytt í ár. „Síðustu tvö ár höfum við haldið partý í gamla Sirkúsportinu, en nú er það í einhverju limbói vegna staðarins sem á kannski að opna þar. Í staðinn verður veislan haldin í nýuppgerðum Klapparstígsreit, á milli Hverfisgötu og Laugavegar,“ segir Sigurður Magnús.

KREPPURIT Rafskinna verður í ár í anda kreppunnar og mun innihalda mikið af endurunnu efni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hljómsveitin Retró Stefson mun leika endurgerða tónlist fyrir gesti og DJ Árni Sveins mun þeyta skífum auk þess sem gestum býðst að kaupa eintak af Rafskinnu á sérstökum útgáfuprís í tilefni dagsins. Hátíðarhöldin hefjast stundvíslega klukkan 17.00. - sm

www.utivistogsport.is

SUMARMARKAÐUR

Við klárum sumarvörurnar

FRÁBÆR VERÐ

bolir
skyrtur
buxur
kvart buxur
zip off buxur
flís peysur
softshell peysur
regnbuxur
regnjakkar
isotex buxur
isotex jakkar
bakpokar
svefnpokar
skór
sokkar
ofl. ofl.

Regatta
GREAT OUTDOORS™

OPIÐ
VIRKA DAGA 10 – 18
LAUGARD. 11 – 16

ÚTIVIST&SPORT
verslun/heildverslun

Reykjavík Faxafen 12 S. 533-1550

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**

LYFJA - Lifið heil

Opið **07** til **01**
Lyfja Lágmúla

www.lyfja.is

BAKÞANKAR
Kolbeins Óttarssonar Proppé

Huggunin í sjálfum þér

Það getur enginn huggað mann nema maður sjálfur," sagði Eyjólfur í Sölku Völku. Og allir þeir sem hafa þarfnast huggunar við, hvort sem er vegna saknaðar eftir einhverju sem aldrei verður eða minninga um eitthvað sem var, vita innst inni að þarna rataðist Bóbó Guðjóns satt orð á munn. Sem svo oft áður.

OG þetta er ekki einungis rifjað hér upp til að sýna fram á bókmenntaþekkingu. Meðfram er nefnilega rétt að benda á þá staðreynd að öll þörfnumst við huggunar nú um stundir. Draumurinn um mesta og besta fjármálaveldi sem gaf okkur stærsta og mesta auðinn er hruninn. Sem betur fer. Verst hvað mikið hrundi með honum.

STEFÁN Jónsson minntist Gísla í Papey í bók sinni Að breyta fjalli. „Eitt af býsna mörgu, sem ég heyrði hann segja við föður minn var það, að ekkert vissi hann eftirsóknarverðara en að vera aflögufær. Þess háttar menn auðgast ekki í kallfæri við fátæktina. En þeir verða höfðingjar." Mér er til efs að betri eftirmæli sé hægt að fá. Að þrá heitast að verða aflögufær fyrir aðra. Ekki sjálfan sig, heldur aðra. Nægir hafa verið í því að hugsa um sjálfa sig síðustu árin og þrátt fyrir að hafa verið í kallfæri við fátæktina hafa þeir ekkert heyrt.

KANNSKI skáldin verði til að bjarga okkur eftir allt saman. Ef við munum það að við verðum að hugga okkur sjálf í stað þess að nöldra og nagga og stefnum ótrauð að því að verða aflögufær er okkur kannski borgið. En kannski er bara betra að blogga með hástöfum á Eyjunni með sjö upphrópunarmerkjum.

OG þar sem þú situr í strætó, drekkur kaffið í eldhúsinu, heilsar vinnufélögunum, situr í atvinnuleysinu, grætur gjaldþrotið, horfir ofan í bjórinn á Grand rokk, þusar í heita pottinum, sökkvir þér ofan í bókina, nennir ekki fram úr, rífst á netinu, berð gjöll á Austurvelli, lætur þér leiðast yfir stjórnmálaumræðum, horfir á sólina rísa upp yfir hafflötinn með einhverjum sem skiptir máli eða situr á klósettinu; það getur enginn huggað mann nema maður sjálfur.

HÉR væri hægt að tengja pistilinn með sniðugri myndlíkingu við ástandið í þjóðfélaginu. Það verður þó ekki gert.

GÓÐAN DAG!

Í dag er miðvikudagurinn 15. júlí 2009, 196. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	3.41	13.33	23.23
Akureyri	2.56	13.18	23.37

Heimild: Almanak Háskólans

LG X120 fartölva

Lítil og flott fartölva með innbyggðu 3G netkorti
– þú ferð á netið hvar og hvenær sem er á 3G netinu!

Verð aðeins: 79.990 kr.*
*Gegn **6 mánaða** bindingu í 3G netlyklaáskrift 2 eða 3.
Fullt verð án bindingar: 109.900 kr.
Símalán og léttgreiðslur í allt að 12 mánuði í boði.

3G ÁSKRIFTARLEIÐIR

NETLYKILL 2
- Allt að 3 Mbit hraði á sek.
- 7 GB gagnamagn innifalið
- 2 kr. fyrir umfram MB

Verð 2.990 kr. á mán.

NETLYKILL 3
- Allt að 5 Mbit hraði á sek.
- 15 GB gagnamagn innifalið
- 2 kr. fyrir umfram MB

Verð 4.990 kr. á mán.

800 7000 • siminn.is

Það er Síminn

ENNEMM / SÍA / NM38494